

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B70-72

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 70-72

Nr. 556-585

2005

Efnisyfirlit B 70–72 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
556	7. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Fellagarðar	1209
557	7. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykholts 1986-2006, Borgarfjarðarsveit	1209-1210
558	6. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1210
559	7. júní	Reglugerð um vigtun og skráningu meðafla við kolmunnaveiðar	1211
560	9. júní	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1212
561	10. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 519, 27. maí 2005, um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka	1212-1213
562	6. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 609/1996 með síðari breytingum, um meðferð umbúða og umbúðaúrgang	1214-1215
563	2. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum, nr. 736/2003	1216-1217
564	6. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu	1218
565	9. júní	Auglýsing um skipulagsmál í Vestmannaeyjum	1218-1219
566	7. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 88/2001	1219
567	30. maí	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 55/1992 um setningu flugreglna	1220
568	10. júní	Auglýsing um nýtt deiliskipulag fyrir uppgröft við Suðurveg „Pompei norðursins“ á hverfisverndarsvæði HV-8 í Vestmannaeyjum	1220
569	30. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skrifteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands	1220-1221
570	6. júní	Auglýsing um breytingu og stækkun á deiliskipulagssvæði miðbæjar Stykkishólms	1221
571	30. maí	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar	1222-1228
572	6. júní	Auglýsing um deiliskipulag við Tjarnarás í Stykkishólmi	1228
573	30. maí	Reglur um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands	1228-1231
574	10. maí	Reglugerð um gildistöku reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91	1231-1238
575	17. maí	Gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn	1238-1242
576	17. maí	Reglugerð um þáttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar	1243-1247

Framhald á 3. kápu síðu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 2005

7. júní 2005

1209

Nr. 556

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Fellagarðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að bætt er við þéttingarsvæði á mynd 5 í greinargerð aðalskipulagsins. Svæðið er merkt sem þéttingarsvæði nr. 14 og sýnir verslunarsvæðið Fellagarða þar sem gert er ráð fyrir byggingu rúmlega 50 nýrra íbúða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

7. júní 2005

Nr. 557

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykhólts 1986-2006, Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykhólts 1986-2006 frá 4. febrúar 1987.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði fyrir opinbera stofnun ofan safngötu breytist í opið svæði til sérstakra nota.
- Aðkoma að íbúðarsvæði ofan safngötu breytist.
- Lóð hótels sem áður var skilgreind sem stofnanasvæði, opið og óbyggt svæði og opið svæði til sérstakra nota, breytist í verslunar- og þjónustusvæði.
- Svæði fyrir opinberar stofnanir neðan safngötu stækkar og tekur þar með yfir Snorrastofu, báðar kirkjurnar og aðkomusvæði þeirra, fyrrverandi skólahús og fornminja-

svæði vestan og sunnan hótellóðar. Hluti þessa svæðis var áður skilgreindur sem opið óbyggt svæði og opið svæði til sérstakra nota.

- Við Snorrargarð er fært inn bílastæði frá vegi 518 á opnu svæði til sérstakra nota sem jafnframt stækkar að safngötunni.
- Innan nýja stofnanasvæðisins er mörkuð þjóðminjavernd á kirkjugarðinn og fornminjasvæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Vesturgata 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 12. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kvosina, lóðina að Vesturgötu 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bláskógar 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 18. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi, lóðina Bláskóga 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmvað 38-52.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 18. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, lóðirnar að Hólmvaði 38 - 52.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 6. júní 2005.

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um vigtun og skráningu meðafla við kolmunnaveiðar.

1. gr.

Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti kolmunna skal taka sýni úr afla svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu einstakra tegunda meðafla.

Fyrir löndun skal skipstjóri tilkynna til vigtunarleyfishafa um áætlað aflamagn. Fjöldi sýna úr hverjum farmi skal ákveðinn þannig:

1. Úr 1000 lesta farmi og minni skal tekið eitt sýni fyrir hverjar hundrað lestin en þó aldrei færri en þrjú sýni.
2. Sé farmur stærri en 1000 lestin skal, auk sýna samkvæmt 1. tl., tekið eitt sýni úr hverjum 200 lestum umfram 1000 lestin en þó skal aldrei taka fleiri en 15 sýni alls úr hverjum farmi.

Hvert sýni skal vega um það bil 500 kg. Skulu sýni valin þannig að dregnar skulu út slembitölur fyrir hverja heila lest á talnabilinu frá einum til áætlaðs heildarafla og ræðst fjöldi þeirra af tölu sýna sbr. 2. mgr. Þegar löndunartölur sýna útdregna slembitölu skulu sýni tekin.

Sýnin skulu sett í kar og merkt með númeri og þau vegin til að ákvarða heildarþunga hvers sýnis. Starfsmenn vigtunarleyfishafa skulu tegundaflokka meðafla, telja fiska af hverri tegund og vigta magn hvers tegundar í hverju sýni (kari). Magn meðafla í hverri tegund skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hvers löndunar og skal sá meðafla skráður til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningakerfi Fiskistofu. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

2. gr.

Um vigtun kolmunna og meðafla og skráningu hans gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522, 18 ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Þá er Fiskistofu heimilt að afturkalla leyfi til vigtunar ef vigtunarleyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 61, 24. maí 2005, um breytingar á lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum til að öðlast gildi 20. júní 2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 2005

Nr. 560

1212

9. júní 2005

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á bökunarkartöflum, 65 mm eða stærri, í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	13.06.05 - 30.06.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. júní 2005.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

Nr. 561

10. júní 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 519, 27. maí 2005, um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka.

1. gr.

1. tl. 1. gr. breytist og orðist svo: 64°04'46 N – 12°57'50 V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. júní 2005.

F. h. r.

Þórður Eypórsson.

Steinar I. Matthíasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 609/1996 með síðari breytingum, um meðferð umbúða og umbúðaúrgang.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný mgr. sem orðast svo:

Notkun af ásettu ráði: þegar efni er notað af ásettu ráði í umbúðir eða hluta umbúða í því skyni að búa til lokaafurð með tiltekna eiginleika, útlit eða af tilteknum gæðum. Það telst ekki notkun af ásettu ráði þegar endurunnin efni, sem innihalda ef til vill að hluta þá málma sem tilgreindir eru í 6. gr. reglugerðar þessarar, eru hráefni í framleiðslu nýrra umbúða.

2. gr.

6. gr. orðast svo:

Samanlagður heildarstyrkur blýs, kadmíums, kvikasilfurs og sexgilds króms í umbúðum skal ekki fara yfir 100 ppm miðað við þyngd. Einungis er heimilt að fara yfir styrkleikamörkin fyrir umbúðaefni ef endurunnum efnunum hafi verið bætt í.

Óheimilt er að nota af ásettu ráði blý, kadmíum, kvikasilfur eða sexgilt króm við framleiðslu umbúða.

Styrkur sem um getur í 1. mgr. skal ekki gilda um umbúðir sem eru eingöngu úr blýkristallsgeri samanber reglur um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgeri.

Ef meðalstyrkur þungmálma fer tólf mánuði í röð yfir styrkleikamörkin 200 ppm miðað við þyngd þegar tekin eru mánaðarleg sýni úr framleiðslunni úr hverjum glerofni og framleiðslan er dæmigerð fyrir eðlilega og reglulega framleiðslustarfsemi, skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans taka sama og senda skýrslu til Umhverfisstofnunar þegar vara er framleidd hér á landi eða markaðssett hér á landi í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu. Í skýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a. Mæligildi.

b. Lýsing á mæliaðferðunum sem notaðar voru.

c. Hver sé líklegur uppruni þeirra þungmálma sem mælist í þessum styrk.

d. Lýsing á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr styrk þungmálma.

Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans hafa fast aðsetur á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi sem markaðssetur vöruna hér á landi sbr. 4. mgr. taka saman og senda skýrslu skv. 4. gr. til Umhverfisstofnunar ef varan er markaðssett hér á landi í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum um mæliniðurstöður frá framleiðslustöðum og um þær mæliaðferðir sem notaðar eru þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr.

3. gr.

8. gr. orðast svo:

Frá 1. júlí 2001 skal minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.

Innan þeirra marka og á sama tíma, og um getur í 1. mgr., skal minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðafna í umbúðaugangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd allra umbúðafna í umbúðaugangi fyrir hverja tegund umbúðafnis.

Eftir 31. desember 2011 skal minnst 60% af þyngd umbúðaugangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.

Innan þeirra marka og á sama tíma og um getur í 3. mgr., skal að lágmarki ná eftirfarandi markmiðum í endurvinnslu einstakra umbúðafna í umbúðaugangi fyrir hverja tegund umbúðafnis;

- a. 60% af þyngd fyrir gler
- b. 60% af þyngd fyrir pappír og pappa
- c. 50% af þyngd fyrir málma
- d. 22,5% af þyngd fyrir plast, þar sem eingöngu er tekið mið af plasti sem er endurunnið aftur í plast
- e. 15% af þyngd fyrir timbur.

4. gr.

9. grein fellur niður.

5. gr.

Í stað orðanna: „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. mgr. 10. gr. og hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/171/EB, frá 19. febrúar 2001, um undanþáguskilyrði fyrir glerumbúðir að því er varðar styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaugang, sem vísað er til í tl. 7d, XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2001, þann 29. september 2001. Reglugerðin innleiðir að hluta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/12/EC, frá 11. febrúar 2004, um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaugang, sem vísað er til í tl. 7, XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 6. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum, nr. 736/2003.

1. gr.

3. mgr. í 2. tl., Almenn ákvæði, í A-hluta viðauka hljóðar svo:

Hlutasýni:

Hlutasýni skulu tekin á eins ólíkum stöðum, á víð og dreif um framleiðslueininguna, og mögulegt er. Sé ekki farið eftir þessari aðferð skal það skrásett ásamt öðrum upplýsingum um sýnin. Ekki skal nota til sýnatöku vörur sem eru skemmdar að einhverju eða öllu leyti. Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka þarf er gefinn upp í töflum í B, C, D og F, G, H, I, J, K og L hluta þessa viðauka eftir því sem við á. Sýni skulu vera eins lík að stærð og mögulegt er. Þegar um er að ræða vörur í fljótandi formi er nægilegt að taka eitt hlutasýni til greiningar í hverri framleiðslueiningu sem safnsýni. Vísa verður til framleiðslueiningarinnar. Vörur í fljótandi formi sem innihalda vatnsrofin jurtaprótein (HVP) eða sojasósur þarf að hrista mjög vel eða gera einsleitar með öðrum hætti, áður en hlutasýni er tekið.

2. gr.

Á eftir töflu H2 í 1. tl., Almenn ákvæði, í H-hluta bætist eftirfarandi:

Sérstök ákvæði um sýnatöku úr framleiðslueiningu af heilum fiski.

Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu er ákvarðaður í samræmi við töflu H1. Safnsýni sem myndað er úr hlutasýnum skal vera a.m.k. 1 kg.

- Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, inniheldur lítinn fisk (hver fiskur vegur < 1 kg) telst heill fiskur vera hlutasýni til að mynda safnsýni. Ef safnsýnið vegur meira en 3 kg geta hlutasýnin, sem mynda safnsýnið, samanstaðið af miðhluta fisksins og hvert vegur a.m.k. 100 g. Heildarmagnið, sem hámarksgildið á við um, er notað við jafnblöndun á sýninu.
- Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, inniheldur stóran fisk (hver fiskur er þyngri en 1 kg) samanstendur hlutasýnið af miðhluta fisksins. Hvert hlutasýni vegur a.m.k. 100 g. Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, samanstendur af mjög stórum fiski (t.d. > 6 kg) og verulegur efnahagslegur skaði hlýst af ef tekinn er hluti úr miðhluta fisksins, getur talist fullnægjandi að taka þrjú sýni sem hvert um sig vegur a.m.k. 350 g, óháð stærð framleiðslueiningarinnar.

3. gr.

Undirkaflinn: „*Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta*“ á eftir töflu H2 í 1. tl., Almenn ákvæði, í H-hluta hljóðar svo:

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Samþykki ef niðurstaða einnar mælingar er innan hámarksgildis sbr. c) lið 1. gr. reglugerðar nr. 662/2003 að teknu tilliti til mælióvissu.

Synjun ef niðurstöður, sem eru staðfestar með tvöfaldri greiningu og reiknaðar sem meðaltal a.m.k. tveggja aðgreindra ákvarðana, eru sannanlega yfir hámarksgildi sbr. c) lið 1. gr. reglugerðar nr. 662/2003, að teknu tilliti til mælióvissu.

Mælióvissu má meta með annarri af eftirfarandi aðferðum:

- Útreikningi á útvíkkaðri mælióvissu, með þekjustuðulinn 2 sem gefur u.þ.b. 95% áreiðanleika.
- Finna ákvörðunarmörk (CC α) samkvæmt bráðabirgðaákvörðun ráðsins nr. 2002/

657/EB frá 12. ágúst 2002 um framkvæmd tilskipunar 96/23/EB varðandi nothæfi greiningaraðferða og túlkun niðurstaðna⁽¹⁾ (liður 3.1.2.5 í viðauka – þegar um er að ræða efni með ákvarðað hámarksgildi).

Þessar túlkunarreglur gilda um niðurstöðu greiningar á sýni sem er tekið við opinbert eftirlit. Innlendar reglur gilda um greiningu sem er gerð með tilliti til verslunarverndar eða úrskurðarmála.

4. gr.

Við lið 1.2., Bakgrunnur, í I-hluta bætist svohljóðandi málsgrein:

Aðeins varðandi H-hluta viðauka við reglugerð þessa er gengið út frá því að viðurkennd magngreiningarmörk einstakra efnamynda svari til styrks greiningarefnis í útdráttarlausn sýnis sem kallar fram mælissvörun fyrir tvær mismunandi jónir, sem eru til rannsóknar, og þar sem hlutfall milli merkis og suðs er 3:1 fyrir það merki sem er síður næmt. Auk þess skal uppfylla grunnkröfur um t.d. rástíma og hlutfall samsætna, í samræmi við ákvörðunar- aðferðina sem lýst er samkvæmt aðferð Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) nr. 1613, endurskoðun B.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirlýsningu Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða reglugerðum.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum samanber og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 samanber og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2004/44/EB sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2005 hinn 29. október 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 2. júní 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 221, 17.8.2002, bls. 8. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/25/EB (Stjtið. EB L 6, 10.1.2004, bls. 38).

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu.

1. gr.

7. gr. orðast svo:

Bráðanotkun halón 1301 er heimil í slökkvikerfum í eftirfarandi tilvikum:

- a. í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými og til varnar eldsneytistöðum,
- b. til að verja mannað rými og vélarrými í flutningaskipum sem eru eldri en frá árinu 2001 og flytja eldfima vökva og/eða lofttegundir,
- c. til að verja mannað rými í fjarskipta- og stjórnunarstöðvum hers eða annarra sem skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi, og eru eldri en frá árinu 2001,
- d. til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum.

Bráðanotkun halón 1211 er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,
- b. í slökkvitækjum, sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf ef það skiptir sköpum fyrir öryggi manna,
- c. í slökkvitækjum hersins sem notuð eru á fólki,
- d. til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og 4. tölul. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun-arvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnar EB 2003/160/EB, sem vísað er til í t. 21aa III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2004, þann 24. apríl 2004.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjum.

Nýtt deiliskipulag, fyrir þjónustustofnanir á svæði Þ-4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 20. apríl 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir þjónustustofnanir á svæði Þ-4 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag, gosminjar við Blátind.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 2. júní 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir gosminjar við Blátind í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 9. júní 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

Sigurður Smári Benónýsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 88/2001.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. samþykktarinnar:

- a. 7. tölul. greinarinnar verður svohljóðandi: *Fræðslunefnd*. Sameiginleg þriggja manna fræðslunefnd er í grunnskólum og leikskólum Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Fræðslunefnd fer með málefni grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994. Tveir nefndarmenn eru kjörnir af Bláskógabyggð og einn af Grímsnes- og Grafningshreppi og jafnmargir til vara.
- b. 10. tölul. greinarinnar fellur brott. Röð síðari töluliða breytist til samræmis.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. júní 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Þorgerður Benediktsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 55/1992 um setningu flugreglna.

1. gr.

Málsliðurinn „Sækja skal um leyfi með a.m.k. 24 klst. fyrirvara“ í grein 2.1. í viðauka 5 við auglýsinguna fellur brott.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag fyrir uppgröft við Suðurveg „Pompei norðursins“ á hverfisverndarsvæði HV-8 í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 2. júní 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir uppgröft við Suðurveg „Pompei norðursins“ á hverfisverndarsvæði HV-8 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 10. júní 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

Sigurður Smári Benónýsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Aftan við gr. 2.14.1.4. komi ný grein sem verði 2.14.1.4.1. svohljóðandi:

Einkaflugmanni með mikla reynslu, yfir 100 flugtíma samtals, er heimilt að taka verklegt stöðupróf og bóklegt próf í reglum er varða fis, sem nægir til að fullnægja kröfum fyrir skírteini fisflugmanns með farþegaáritun, ef um er að ræða fis með þriggja ása stýringu.

2. gr.

Grein 2.14.1.5.1. orðist þannig:

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er sbr. 2.14.1.5.3.

3. gr.

Ný grein sem verði 2.14.1.5.3. skal orðast svo:

Gildistími 2. flokks heilbrigðisvottorðs fisflugmanna er 60 mánuðir til 30 ára aldurs og síðan 24 mánuðir. Þó getur fluglæknir stytt gildistímamann sýnist honum ástæða til. Sérstök takmörkun skal færð í vottorðið um að það gildi einvörðungu fyrir fis. Þessi sérákvæði um gildistíma gilda ekki um 2. flokks heilbrigðisvottorð vegna annarra flugmannsskírteina en fisflugmannsskírteina. Sjá JAR-FCL 3.105.

Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu og stækkun á deiliskipulagssvæði miðbæjar Stykkishólms.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr skipulags- og byggingarlaga samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 26. maí 2005 deiliskipulagsbreytingu og stækkun á miðbæjarskipulagi Stykkishólms.

Breytingin er í eftirfarandi meginatriðum:

1. Deiliskipulag við Laufásveg og Borgarbraut frá 2003 er felld inn í deiliskipulag miðbæjarins auk annara breytinga.
2. Lóðir suðaustan Laufásvegjar eru felldar inn í deiliskipulag miðbæjarins.
3. Gerðar eru breytingar á og innan nokkurra lóða við Aðalgötu og Laufásveg auk þess sem fallið er frá því að tengja saman Laufásveg og Víkurgötu.

Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi deiliskipulag af Laufásvegi og Borgarbraut frá árinu 2003.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 6. júní 2005.

Bjarnfríður Vilhjálmadóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2003, sem birt var í EES-viðbæti 12. febrúar 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð Evrópusambandsins er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Með innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins nr. 223/2003 breytast ákvæði reglugerðar nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar þannig að:

1. Ákvæði 5. gr. um merkingar taka nú, eftir því sem reglugerð (EB) nr. 223/2003 segir nánar fyrir um, til fódurs, fódurblöndu og fódurefna, sbr. og 4. lið B-hluta I. viðauka.
2. Nýr málslíður bætist við lið 4.4 í B-hluta I. viðauka varðandi mælieiningu fódurhlutfalla.
3. III. viðauki breytist þannig:
 - a) Við 2. lið almennu ákvæðanna bætist tilvísun í E-hluta í sérákvæðum þessa viðauka.
 - b) Við fyrsta undirlið þriðju undirgreinar 3. liðar almennu ákvæðanna bætist tilvísun í reglugerð (EB) nr. 223/2003.
 - c) Við 4. lið almennu ákvæðanna bætist tilvísun í E-hluta í sérákvæðum þessa viðauka.
 - d) Við annan undirlið 6. liðar almennu ákvæðanna bætist ákvæði um samsetningu fódurblöndu.
 - e) Við b-lið 7. liðar almennu ákvæðanna bætast tilvísanir í samsetningu fódurblöndu og í reglugerð (EB) nr. 223/2003.
 - f) Við fyrirsögn C-hluta sérákvæðanna bætist tilvísun í fóður, fódurblöndur og fódurefni.
 - g) Við sérákvæði bætist nýr hluti, E-hluti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og öðlast gildi við birtingu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 223/2003**

frá 5. febrúar 2003

um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fódurs, fódurblandna og fódurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 1. gr. og öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ber að samþykka reglugerð um kröfur um merkingu, eftirlit og varúðarráðstafanir vegna fódurs, fódurblandna og fódurefna, að svo miklu leyti sem þessar kröfur varða lífræna framleiðsluáferð.
- 2) Markaðurinn fyrir gæludýrafóður og loðdýrafóður er aðgreindur frá markaðnum fyrir fóður handa búfénaði. Auk þess gilda reglur um merkingar, framleiðslu og skoðun, sem kveðið er á um í 5., 6., 8. og 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ekki um eldisdýr í sjó og vatni eða eldisafurðir. Þar af leiðandi gildir þessi reglugerð einungis um fóður handa lífrænt ræktuðu búfé en ekki um gæludýrafóður, loðdýrafóður og fóður handa eldisdýrum í sjó og vatni.
- 3) Sérstakar ráðstafanir um merkingar fódurs handa lífrænt ræktuðu búfé skulu gera framleiðendum kleift að átta sig á því hvaða fóður má nota í samræmi við ákvæðin um lífræna framleiðslu. Upplýsingar um lífræna framleiðslu skulu ekki vera meira áberandi en lýsing eða heiti á fóðrinu, sem um getur í tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB ⁽⁴⁾, og í tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu fódurefnis, breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/46/EB ⁽⁶⁾.

- 4) Enn fremur ber að tilgreina miðað við þyngd þurrefnis hlutfall lífrænt framleiddra fódurefna, hlutfall fódurefna í aðlögun og heildarhlutfall fódurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum til að gera framleiðendum kleift að fara að reglum um dagskammta, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þar af leiðandi ber einnig að breyta B-hluta I. viðauka við þá reglugerð. Þar af leiðandi ber einnig að breyta B-hluta I. viðauka við þá reglugerð.

- 5) Nokkur vörumerki á framleiðsluvörum, ætluðum til fódurs, sem standast ekki kröfur reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, eru með upplýsingum sem rekstraraðilar kunna að skoða sem tilvísun til lífrænnar framleiðslu. Nauðsynlegt er að kveða á um aðlögunartímabil til að gera eigendum þessara vörumerkja kleift að aðlagast nýju reglum. Þetta aðlögunartímabil skal þó aðeins gilda um vörumerki með framangreindum upplýsingum ef sótt hefur verið um skráningu þess fyrir birtingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1804/1999 frá 19. júlí 1999 um viðbót við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 þannig að hún taki til búfjárframleiðslu ⁽⁷⁾ og ef rekstraraðilinn hefur verið upplýstur með tilhlyðilegum hætti um að ekki sé um lífræna framleiðslu varanna að ræða.

- 6) Lágmarkskröfur um skoðun og varúðarráðstafanir, sem gilda um einingar sem framleiða fóður, gera það að verkum að nauðsynlegt er að hrinna í framkvæmd sérstökum ráðstöfunum sem fella ber inn í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

- 7) Sú meginregla að halda öllum búnaði, sem notaður er í einingum sem framleiða lífrænar fódurblandur, aðgreindum frá búnaði, sem notaður er í sömu einingu fyrir hefðbundnar fódurblandur, telst vera árangursrík leið til að koma í veg fyrir íblöndun vara og efna sem eru ekki leyfileg í lífrænni framleiðslu. Því ber að fella þá meginreglu inn sem ákvæði inn í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þó er búið við að tafarlaus framkvæmd ákvæðisins hafi mikil efnahagsleg áhrif á fódurbönduðnað nokkurra aðildarríkja og þar með á lífrænan búskap. Af þeirri ástæðu og til að

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótd. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21.

⁽³⁾ Stjótd. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjótd. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23.

⁽⁵⁾ Stjótd. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

⁽⁶⁾ Stjótd. EB L 234, 1.9.2001, bls. 55.

⁽⁷⁾ Stjótd. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1.

gera lífræna framleiðslugeiranum kleift að laga sig að nýjum kröfum um aðgreindar framleiðslulínur skal sá möguleiki vera fyrir hendi að vikja frá þessu ákvæði um fimm ára skeið. Enn fremur ber að endurskoða þetta mál vandlega í náinni framtíð á grundvelli frekari upplýsinga og fenginnar reynslu.

- 8) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91.
- 9) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fôður, fôðurblöndur og fôðurefni, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ef á þessum framleiðsluvörum eru, eða ætlunin er að setja á þær, upplýsingar um lífræna framleiðslu.

Reglugerð þessi gildir ekki um gæludýrafôður, loðdýrafôður eða fôður handa eldisdýrum í sjó og vatni.

2. gr.

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 4. gr. tilskipunar 2092/91/EB.

Að auki:

1. „fôðurefni úr lífrænni framleiðslu“: fôðurefni sem eru lífrænt ræktað eða tilreidd úr slíkum efnum,
2. „fôðurefni úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap“: fôðurefni í aðlögun eða tilreidd úr slíkum efnum.

3. gr.

1. Í merkingum, auglýsingum og viðskiptaskjölum er varða framleiðsluvörurnar, sem um getur í 1. gr., er einungis heimilt að vísa til lífrænnar framleiðslu ef:

- a) vörurnar eru framleiddar, tilreiddar eða fluttar inn af rekstraraðila sem ber að lúta eftirlitsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
- b) vörurnar og efnin, sem þær eru samsettar úr og öll önnur efni sem notað eru við tilreiðslu þessara framleiðsluværa, hafa ekki fengið meðhöndlun þar sem jónandi geislum kemur við sögu,
- c) skilyrðin, sem um getur í liðum 4.12, 4.13, 4.14, 4.16, 4.17 og 4.18 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, eru uppfyllt eftir þörfum,

- d) fôðurefni úr lífrænni framleiðslu eru ekki sett í framleiðsluvöruna um leið og sams konar fôðurefni, sem framleidd eru með hefðbundnum aðferðum,
- e) fôðurefni úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap eru ekki sett í framleiðsluvöruna samtímis sams konar fôðurefnum sem framleidd eru með hefðbundnum aðferðum.

2. Með fyrirvara um 4. og 5. gr. skal eingöngu vísa til lífrænnar framleiðslu, sem um getur í 1. mgr., með eftirfarandi upplýsingum:

- a) „lífrænt framleitt“, ef minnst 95% af þurefni framleiðsluvörunnar er lífrænt framleitt fôðurefni,
- b) „heimilt að nota í lífræna framleiðslu í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91“ ef um er að ræða framleiðsluvörur sem samanstanda af mismunandi magni fôðurs úr lífrænni framleiðslu og/eða fôðurefnum úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap og/eða hefðbundnum efnum.

4. gr.

1. Þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 3. gr.:

- a) verða að vera aðgreindar frá upplýsingunum sem um getur í 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB,
- b) mega ekki vera í lit eða með sniði eða stafagerð sem er meira áberandi en lýsing eða heiti á fôðrinu, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB eftir því sem við á,
- c) verða að vera með upplýsingum innan sama sjónsviðs sem segja til um, miðað við þýngd þurefnis:
 - i) hlutfall fôðurefna úr lífrænni framleiðslu,
 - ii) hlutfall fôðurefna úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap,
 - iii) hlutfall fôðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum,
- d) verða að hafa meðfylgjandi nafn og/eða kenninúmer skoðunaraðilans eða -yfirvaldsins sem rekstraraðilinn, sem sá um síðustu tilreiðsluna, heyrir undir,
- e) verða að hafa skrá yfir heiti fôðurefna úr lífrænni framleiðslu,
- f) verða að hafa skrá yfir heiti fôðurefna úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap.

2. Upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., má einnig fylgja tilvísun til þeirrar kröfu að nota beri fódur í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um samsetningu dagskammta.

3. Aðildarríkin skulu ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers skoðunaraðilans eða -yfirvaldsins sem um getur í d-lið 1. mgr. og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

Einungis er heimilt að nota vörumerki og vörulýsingar með upplýsingum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ef minnst 95% af þurffni framleiðsluvörunnar er fódurefni úr lífrænni framleiðslu.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. er heimilt, til 1. júlí 2006, að nota vörumerki með upplýsingunum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, í merkingum og

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2003.

auglýsingum á framleiðsluvörunum, sem um getur í 1. gr. og uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a) vörumerkið var skráð fyrir 24. ágúst 1999 og vörumerkið er í samræmi við tilskipun ráðsins 89/104 /EBE⁽⁸⁾, og
- b) á vörumerkinu komi alltaf fram skýrar, áberandi og auðlæsilegar upplýsingar þess efnis að vörurnar hafi ekki verið framleiddar í samræmi við lífræna framleiðsluhætti sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

7. gr.

Ákvæðum B-hluta I. viðauka og ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 6. ágúst 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(¹) Stjóð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi málsliður bætist við lið 4.4 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„Þessar tölur skal gefa upp sem hundraðshluta af þurrefni föðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum.“
 2. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:
 - 2.1. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar almennu ákvæðanna:

„Ákvæðin, sem um getur í 3. lið, og ákvæði um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka skulu einnig gilda um rekstraraðila sem eru þegar á rekstri á þeim degi sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2491/2001.“
 - 2.2. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar almennu ákvæðanna:

„Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal tilkynna eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í tæka tíð um allar breytingar á lýsingunni eða þeim hagnýtu ráðstöfunum, sem um getur í 3. lið, og á ákvæðum um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka.“
 - 2.3. Eftirfarandi orð bætast við á eftir „11. gr.“ í fyrsta undirlið þriðju undirgreinar 3. liðar almennu ákvæðanna:

„og/eða reglugerð (EB) nr. 223/2003“
 - 2.4. Eftirfarandi bætist við annan undirlið 6. liðar almennu ákvæðanna:

„og, ef við á, samsetningu fôðurblandu.“
 - 2.5. Eftirfarandi komi í stað b-liðar 7. liðar almennu ákvæðanna:

„heiti afurðarinnar eða lýsing á fôðurblandunni ásamt tilvísun til lífrænnar framleiðslu í samræmi við ákvæði 5. gr. þessarar reglugerðar eða 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2003, eftir því sem við á.“
 - 2.6. Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnar C-hluta almennu ákvæðanna:

„C. Innflutningur plantna, plöntuafurða, búfjár, búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og/eða búfjárafurðum, föðurs, fôðurlandna og fôðurefna frá þriðju löndum.“
 - 2.7. Eftirfarandi E-hluta er bætt við:

„E — EININGAR SEM FRAMLEIDA DÝRAFÓÐUR, FÓÐURBLÖNDUR OG FÓÐUREFNI

Þessi þáttur gildir um allar einingar, sem koma að tilreiðslu, sem skilgreind er í 3. mgr. 4. gr., á afurðum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr., fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila.
1. **FYRSTA EFTIRLIT**

Í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skal:

 - tilgreina aðstöðu fyrir viðtöku, tilreiðslu og geymslu framleiðsluvara, ætluðum til dýrafóðurs, fyrir og eftir vinnslu þeirra,
 - tilgreina aðstöðu fyrir geymslu annarra framleiðsluafurða sem notaðar eru við tilreiðslu föðurs,
 - tilgreina aðstöðu til að geyma framleiðsluvörur til hreinsunar og sóttþreinsunar,
 - tilgreina, ef nauðsyn krefur, lýsingu á fôðurblandunni sem rekstraraðilinn hyggst framleiða, í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE, og tegundir eða flokk búfjár, sem fôðurblandan er ætluð,
 - tilgreina, ef nauðsyn krefur, heiti fôðurefna sem rekstraraðilinn hyggst tilreiða.

Ráðstafanir, sem rekstraraðilar gera og um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skulu fela í sér:

 - sér í lagi ábendingu um þær varúðarráðstafanir sem ber að gera til að draga úr hættu á mengun með óleyfilegum efnum eða framleiðsluvörum, hreinsunaraðgerðir sem gripið er til og eftirlit með skilvirkni þeirra,
 - tilgreiningu allra þátta í starfseminni sem skipta sköpum við að tryggja eitið að framleiðsluvörurnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. og tilreiddar eru í slíkum einingum, uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 223/2003,
 - mótun, framkvæmd, og uppfærslu víðeigandi aðferða og samræmi við þær ef miðað er við meginreglurnar um HACCP-kerfið (áhættugreining á mikilvægum eftirlitsstöðum).

Skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið skal nota þessar aðferðir við almennt mat á þeirri áhættu sem fylgir hverri tilreiðslueiningu og semja skoðunaráætlun. Skoðunaráætlunin skal kveða á um lágmarksfjölda slembisýna miðað við hugsanlega áhættu.

2. Skriflegt bókhald

Til að hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit með vinnslunni skal bókhaldið, sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna, taka til upplýsinga um uppruna, eðli og magn föðurefna, aukefna, sölu og fullunninna vara.

3. Tilreiðslueiningar

Við tilreiðslu framleiðsluvara verða rekstraraðilar að sjá til þess:

- a) að lífrænt framleiddu föðri eða föðri unnu úr því, föðri í aðlögun eða föðri unnu úr því og hefðbundnu föðri sé haldið vel aðgreindu,
- b) að öllum búnaði, sem er notaður í einingum sem tilreiða föðurböndur sem falla undir þessa reglugerð, sé haldið vel aðgreindum frá búnaði sem er notaður fyrir föðurböndur sem falla ekki undir þessa reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar getur vinnsla farið fram til 31. desember 2007 þótt sami búnaður sé notaður, að því tilskildu:

- að vinnsla ólíkra vara sé aðskilin í tíma og að viðeigandi hreingerning fari fram undir eftirliti áður en tilreiðsla framleiðsluvara, sem falla undir þessa reglugerð, hefst og er rekstraraðilum skylt að skrá þessar aðgerðir,
- að rekstraraðilar sjái til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir miðað við þá áhættu sem metin er í samræmi við 1. lið og, ef nauðsyn krefur, tryggja að framleiðsluvörur, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, séu ekki markaðssettar með upplýsingum um lífrænan búskap.

Undanþágan, sem kveðið er á um í öðrum undirlíð, er með fyrirvara um fyrirframleyfi skoðunaraðila eða -yfirvalds. Slíkt leyfi gæti gilt fyrir eina tilreiðsluaðgerð eða fleiri.

Vinna framkvæmdastjórnarinnar við að athuga ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar hefst fyrir 31. desember 2003. Með tilliti til þeirrar athugunar er heimilt að endurskoða dagsetninguna 31. desember 2007 ef þörf krefur.

4. Skoðunarheimsóknir

Auk tilskilinnar árlegrar heimsóknar skal skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið fara í markvissar heimsóknir á grundvelli almenns mats á þeirri hugsanlegu áhættu að ekki sé farið að ákvæðum þessarar reglugerðar. Skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið skal huga sérstaklega að þýðingarmiklum eftirlitsþáttum, sem honum er bent á, með það í huga að ganga úr skugga um hvort vöktun og eftirlit sé með eðlilegum hætti. Heimilt er að skoða allt athafnasvæðið, sem rekstraraðilinn notar við starfsemi sína, eins oft og áhættan gefur tilefni til.

5. Flutningur afurða til annarra framleiðslu- og tilreiðslueininga eða geymslsvæða

Rekstraraðilar skulu sjá til þess að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a) lífrænt framleiddu föðri eða föðri unnu úr því, föðri í aðlögun eða föðri unnu úr því og hefðbundnu föðri skal haldið vel aðgreindu í flutningi,
- b) heimilt er að nota ökutæki og/eða gáma, sem hafa verið notuð til að flytja framleiðsluvörur sem reglugerð þessi tekur ekki til, til flutninga á framleiðsluafurðum sem reglugerð þessi tekur til ef:
 - viðeigandi hreingerning fer fram undir eftirliti áður en tilreiðsla framleiðsluvara, sem falla undir þessa reglugerð, hefst og er rekstraraðilum skylt að skrá þá aðgerð,
 - rekstraraðilar sjá til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir miðað við þá áhættu sem metin er í samræmi við 1. lið og, ef nauðsyn krefur, tryggja að framleiðsluvörur, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, séu ekki markaðssettar með upplýsingum um lífrænan búskap,
 - skoðunaraðili eða -yfirvald rekstraraðilans hefur fengið vitneskju um flutninginn og samþykkt hann. Slíkt samþykki gæti gilt fyrir einn flutning eða fleiri,
- c) fullunnar vörur, sem um getur í þessari reglugerð, skulu fluttar aðgreindar frá öðrum fullunnum vörum, í rúmi eða tíma,
- d) í flutningi skal skrá magn framleiðsluvara í upphafi og við hverja afhendingu.

6. Tekið við afurðum

Þegar rekstraraðili tekur við framleiðsluvöru, eins og um getur í 1. gr., skal hann athuga hvort pakkningar eða gámur er lokaður, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, eru fyrir hendi. Rekstraraðilinn skal bera upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna, saman við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal skýrt um niðurstöður þessarar sannpröfunar í bókhaldinu sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna.“

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Tjarnarás í Stykkishólmi.

Deiliskipulag leikskóla við Búðanesveg og fjögurra parhúsa við Tjarnarás.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 26. maí 2005 deiliskipulag 4 deilda leikskóla við Búðanesveg og fjögurra einnar hæðar parhúsa við Tjarnarás í Stykkishólmi.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 6. júní 2005.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Stúdentar sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentspróf sé af bóknámsbraut, en deildir geta með samþykki háskólaráðs ákveðið að falla frá því skilyrði, svo sem nánar greinir í 3. – 13. gr. reglna þessara.

Um undanþágur frá skilyrðinu um stúdentspróf fer samkvæmt ákvæðum sameiginlegra reglna Háskólans og nánari ákvörðunum háskólaráðs.

Um inntökuskilyrði í nám á meistara- og doktorsstigi gilda sérreglur deilda, sem háskólaráð hefur sett og birtar eru í kennsluskrá og á vefsetrum deilda.

2. gr.

Upplýsingar um inntökuskilyrði.

Upplýsingum um inntökuskilyrði deildar skal komið á framfæri í kennsluskrá, á vefsetri háskólans og í kynningarefni til nýrra stúdenta. Skal skýrt tekið fram að inntökuskilyrði geti verið mismunandi milli deilda og námsgreina, þannig að skráning í eina deild eða námsgrein veiti ekki sjálfkrafa rétt til skráningar í aðra.

Við upplýsingagjöf um inntökuskilyrði í grunnnám skulu leiðbeiningar ennfremur veittar um frekari undirbúning sem deild telur æskilegan fyrir einstakar námsleiðir, með vísan til einingafjölda í tilteknum grunngreinum framhaldsskólanáms eða annarra atriða.

3. gr.

Inntökuskilyrði í guðfræðideild.

Til að hefja nám við guðfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut, með áherslu á íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði og greinar félagsvísinda.

4. gr.

Inntökuskilyrði í læknadeild.

Til að hefja nám við læknadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Nemendur sem lokið hafa frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) teljast uppfylla inntökuskilyrði deildarinnar vegna náms í geislafræði og lífeindafræði.

Stúdentar eru teknir inn í nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun á grundvelli inntökuprófs samkvæmt nánari reglum þar að lútandi. Inntökuprófið byggist að hluta á námsefni framhaldsskóla, en einnig reynir á almenna þekkingu, siðfræðilega afstöðu og rökhugsun.

5. gr.

Inntökuskilyrði í lagadeild.

Til að hefja nám við lagadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut eða jafngilt nám, með áherslu á kunnáttu og færni í íslensku máli.

6. gr.

Inntökuskilyrði í viðskipta- og hagfræðideild.

Til að hefja B.S.- og B.A.-nám við viðskipta- og hagfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi að mati deildarinnar. Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) og stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknámsbraut og nægja til inntöku í B.S.- og B.A.-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur er minnst 15 einingar í ensku. Einnig að minnsta kostir 15 einingar í stærðfræði ef nemandi hyggst stunda nám við hagfræðiskor, en 12 einingar í stærðfræði ef nemandi hyggst stunda nám við viðskiptaskor.

7. gr.

Inntökuskilyrði í hugvísindadeild.

Til að hefja nám við hugvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

8. gr.

Inntökuskilyrði í verkfræðideild.

Til að hefja nám við verkfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Nemendur sem lokið hafa vélstjórnarbraut 4. stigs við Vél-skóla Íslands eða raungreinadeildarprófi frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands)

teljast uppfylla inntökuskilyrði deildarinnar. Æskilegur undirbúningur undir nám í verkfræði er að minnsta kosti 24 einingar í stærðfræði og 30 einingar í náttúrufræðigreinum (þar af minnst 6 einingar í eðlisfræði). Undir nám í tölvunarfræði er æskilegur undirbúningur að minnsta kosti 21 eining í stærðfræði.

9. gr.

Inntökuskilyrði í tannlæknadeild.

Til að hefja nám við tannlæknadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er góð þekking í líffræði og eðlis- og efnafræði.

10. gr.

Inntökuskilyrði í félagsvísindadeild.

Til að hefja nám við félagsvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskra og kynningarefni til nýrra stúdenta.

11. gr.

Inntökuskilyrði í raunvísindadeild.

Til að hefja nám við raunvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Við skráningu á námsleiðir deildarinnar, aðrar en landfræði og ferðamálafræði, er gerð krafa um eftirfarandi lágmark í einstökum greinum: Stærðfræði 21 eining og raungreinar samtals 30 einingar, þar af að minnsta kosti 6 einingar í eðlisfræði, 6 einingar í efnafræði og 6 einingar í líffræði.

Skorti 8 einingar eða minna á að lágmarkskröfum skv. 1. mgr. sé fullnægt, getur raunvísindadeild engu að síður heimilað nemanda að hefja námið, en deildinni er þá heimilt að setja skilyrði um að nemandinn ljúki námi í tilteknum greinum sem á vantar sem fyrst eftir skráningu í raunvísindadeild eða samhliða námi sínu í deildinni.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) nægir til inngöngu í raunvísindadeild til jafns við stúdentspróf, enda sé fullnægt skilyrðum um lágmarkskröfur í einstökum greinum.

12. gr.

Inntökuskilyrði í lyfjafræðideild.

Til að hefja nám við lyfjafræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af náttúrufræðibraut með efnafræði sem kjörsvið.

13. gr.

Inntökuskilyrði í hjúkrunarfræðideild.

Til að hefja nám við hjúkrunarfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut, stúdentsprófi með viðbótarnámi eftir sjúkraliðabraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Allir nemendur skulu hafa lokið áfanganum Efnafræði 103, og stúdentar af sjúkraliðabraut skulu auk þess hafa lokið að minnsta kosti 15 einingum í íslensku, 6 einingum í stærðfræði og 9 einingum í ensku. Æskilegur undirbúningur er meðal annars áfangar í félags- og sálarfræði sem og í líffræði, lífeðlisfræði og efnafræði.

14. gr.

Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillagna viðkomandi háskóladeilda og með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 46. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

Reglurnar öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með háskólaárinu 2005 – 2006.

Háskóla Íslands, 30. maí 2005.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91.

1. gr.

Reglugerð nr. 261/2004/EB um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91, sem vísað er til í 68 ab. lið XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2004 frá 3. desember 2004, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XIII. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Flugmálastjórn Íslands er sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar samanber 16. gr. reglugerðar nr. 261/2004/EB.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, sbr. 20. gr. laga nr. 21/2002.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 126. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, sbr. 3. gr. laga nr. 88/2004, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð EBE nr. 295/91 sem tók gildi með auglýsingu nr. 567/1993 í B-deild Stjórnartíðinda.

Samgönguráðuneytinu, 10. maí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 261/2004**

frá 11. febrúar 2004

um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 1. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðgerðir Bandalagsins á sviði flutninga í lofti skulu m.a. miða að því að tryggja öflugna vernd fyrir farþega. Enn fremur skal taka fullt tillit til krafna um neytendavernd almennt.
- 2) Þegar farþegum er neitað um far og flugi er aflýst eða mikil seinkun verður veldur það farþegum umtalsverðum erfiðleikum og óþægindum.
- 3) Enda þótt í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi ⁽⁴⁾ hafi verið kveðið á um grundvallarvernd fyrir farþega er enn of mörgum farþegum neitað um far og einnig verða of margir farþegar fyrir óþægindum vegna þess að flugi er aflýst fyrirvaralaust eða seinkar mikið.

4) Bandalaginu ber því að herða gildandi reglur um vernd sem settar eru í þeirri reglugerð, bæði til að auka rétt farþega og tryggja að flugrekendur starfi við samræmd skilyrði á frjálsum markaði.

5) Þar sem mörkin á milli áætlunarflugs og óreglubundinnar flugþjónustu eru óskýrari en áður skal slík vernd ekki einungis gilda um farþega í áætlunarflugi heldur einnig flug í óreglubundinni flugþjónustu, þ.m.t. pakkafærðir.

6) Vernd farþega sem leggja upp frá flugvelli innan Bandalagsins skal vikkud út og tekur þá einnig til farþega sem fara frá flugvelli í þriðja landi til flugvallar í aðildarríki, ef flugrekandinn er frá Bandalaginu.

7) Til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar skulu kvaðimnar, sem henni fylgja, hvíla á starfandi flugrekanda eða þeim sem hyggst hefja flugrekstur, hvort sem hann hyggst nota eigið loftfar, nýta sér tómaleigu eða þjónustuleigu eða annars konar fyrirkomulag.

8) Þessi reglugerð skal ekki takmarka rétt starfandi flugrekanda til þess að krefjast skaðabóta frá öðrum aðila, þ.m.t. þriðju aðilum, í samræmi við gildandi lög.

9) Fækka ber þeim farþegum sem er neitað um far með því að krefjast þess að flugrekendur auglýsi eftir farþegum sem vilja afsala sér fari gegn bótum í stað þess að neita farþegum um far og með því að greiða þeim farþegum, sem á endanum er neitað um far, fullar skaðabætur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 225 og Stjtið. EB C 71 E, 25.3.2003, bls. 188.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 241, 7.10.2002, bls. 29.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 24. október 2002 (Stjtið. EB C 300 E, 11.12.2003, bls. 443), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. mars 2003 (Stjtið. EB C 125 E, 27.5.2003, bls. 63) og afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003. Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 18. desember 2003 og ákvörðun ráðsins frá 26. janúar 2004.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 36, 8.2.1991, bls. 5.

- 10) Farþegar, sem er neitað um far, skulu annaðhvort geta hætt við að fljúga og fengið farmiðana endurgreidda eða haldið ferðinni áfram við fullnægjandi skilyrði og skulu þeir þá fá viðeigandi þjónustu á meðan þeir bíða eftir næsta flugi.
- 11) Sjálfboðaliðar skulu einnig geta hætt við að fljúga og fengið farmiðana endurgreidda eða haldið ferðinni áfram við fullnægjandi skilyrði þar eð þeir lenda í svipuðum erfiðleikum á ferðum sínum og farþegar sem neitað er um far.
- 12) Einnig skal draga úr erfiðleikum og óþægindum fyrir farþegana þegar flugi er aflýst. Þessu skal komið í kring með þeim hætti að flugrekendur tilkynni farþegum, fyrir áætlaðan brottfarartíma, að fluginu sé aflýst og bjóði þeim að breyta um flugleið svo að farþegar geti gert sínar ráðstafanir. Flugrekendum ber að greiða farþegum skadabætur ef þeir gera þetta ekki, nema ef flugi er aflýst vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir.
- 13) Þegar flugi er aflýst skulu farþegar annaðhvort geta fengið farmiðana sína endurgreidda eða breytt flugleiðinni svo viðunandi sé og skulu þeir fá viðeigandi þjónustu á meðan þeir bíða eftir næsta flugi.
- 14) Eins og um getur í Montreal-samningnum falla skyldur flugrekanda í sumum tilvikum niður að hluta eða að fullu ef óviðráðanlegar aðstæður, sem ekki hefði verið hægt að afstýra, skapast, jafnvel þótt gerðar hefðu verið nauðsynlegar ráðstafanir. Óviðráðanlegar aðstæður geta t.a.m. skapast af völdum ótryggs stjórn málaástands, veðurskilyrða sem samrýmast ekki kröfum sem eru gerðar til viðkomandi flugs, öryggis-áhættu, ófullnægjandi flugöryggis og verkfalla sem hafa áhrif á starfsemi flugrekandans.
- 15) Aðstæður skulu teljast óviðráðanlegar ef áhrif af ákvörðun í flugumferðarstjórn, tengd tilteknu loftfari, sem tekin er á tilteknum degi, veldur mikilli seinkun, seinkun yfir nótt eða því að einni eða fleiri ferðum þess loftfars er aflýst, jafnvel þótt viðkomandi flugrekandi hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra seinkun eða aflýsingu flugs.
- 16) Þessi reglugerð gildir ekki ef pakkaferð er felld niður af öðrum ástæðum en þeim að flugi er aflýst.
- 17) Ef flugi seinkar um tiltekinn tíma skulu farþegar fá viðeigandi þjónustu og skulu þeir geta hætt við flugið og fengið farmiðana endurgreidda eða haldið ferðinni áfram við fullnægjandi skilyrði.
- 18) Heimilt er að takmarka eða fella niður þjónustu við farþega sem bíða eftir öðru flugi eða hafa lent í seinkun ef þjónustan sjálf gæti valdið enn frekari seinkun.
- 19) Starfandi flugrekendur skulu uppfylla sérþarfir hreyfihamlaðra og fylgdarmanna þeirra.
- 20) Farþegum skal kynntur réttur sinn ef þeim er neitað um far, ef flugi þeirra er aflýst eða ef seinkun er mikil svo að þeir geti nýtt sér rétt sinn á markvissan hátt.
- 21) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotin og letjandi.
- 22) Aðildarríkin skulu tryggja og hafa eftirlit með því að flugrekendur uppfylli almennt ákvæði þessarar reglugerðar og tilnefni viðeigandi aðila til að framfylgja þeim. Eftirlitið skal ekki hafa áhrif á rétt farþega og flugrekenda til að leita réttar síns hjá dómstólum samkvæmt landslögum.
- 23) Framkvæmdastjórninni ber að greina beitingu þessarar reglugerðar og meta sérstaklega möguleika á því að víkka gildissvið hennar þannig að hún nái til allra farþega sem gert hafa samning við ferðasala eða flugrekanda í Bandalaginu þegar þeir leggja upp frá flugvelli í þriðja landi til flugvallar í aðildarríki.
- 24) Tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gibraltari var samþykkt í Lundúnum 2. desember 1987 af Konungsríkinu Spáni og Breska konungsríkinu í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja landanna. Þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.
- 25) Því ber að fella reglugerð (EBE) nr. 295/91 úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

1. Í þessari reglugerð eru fastsett lágmarksréttindi farþega, samkvæmt skilyrðum sem hér er getið:

- þeim er neitað um far,
- flugi er aflýst,
- seinkun er í flugi.

2. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvælinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er.

3. Beitingu þessarar reglugerðar gagnvart flugvælinum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda.

Ríkisstjórnir Spánar og Breska konungsríkisins munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „flugrekandi“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi,
- b) „starfandi flugrekandi“: flugrekandi sem starfar í flugrekstri, eða hyggst gera það, samkvæmt samningi við farþega eða fyrir hönd annars einstaklings eða lögreglu sem hefur gert samning við þennan farþega,
- c) „flugrekandi í Bandalaginu“: flugrekandi sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem er gefið út í einu aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ⁽¹⁾,
- d) „ferðasali“: skipuleggjandi í skilningi 2. liðar 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ⁽²⁾, þó ekki flugrekandi,
- e) „pakki“: sú þjónusta sem er skilgreind í 1. lið 2. gr. tilskipunar 90/314/EBE,
- f) „farmiði“: gilt skjal eða ígildi þess í pappírslausu formi, t.d. rafrænt, sem felur í sér rétt til ferðar, gefið út af flugrekanda eða viðurkenndum umboðsmanni hans,
- g) „farskráning“: að farþegi hafi farmiða eða annað sönnunargagn undir höndum sem sýnir að flugrekandinn eða ferðasali hefur samþykkt farskráninguna og skráð hana,
- h) „lokaákvörðunarstaður“: ákvörðunarstaðurinn sem er skráður á farmiðann þegar honum er framvísað við innritunarborðið eða, þegar um er að ræða bein tengiflug, síðasti ákvörðunarstaður ferðarinnar. Ekki skal taka með í reikninginn önnur tengiflug sem mætti að öðrum kosti nota, ef upphaflega áætlaður komutími stenst,
- i) „hreyfihamladur einstaklingur“: einstaklingur með skerta hreyfingu, að því er varðar notkun flutningatækja, af völdum líkamlegrar fötlunar (skertrar skynjunar eða hreyfingu, varanlegrar eða tímabundinnar), greindarskerðingar, aldurs eða annars konar fötlunar og

kalla aðstæður hans á að hann fái athygli og þjónustu sem er sérstaklega sniðin að þörfum hans svo að hann fái sömu þjónustu og stendur öllum öðrum farþegum til boða,

- j) „farþega neitað um far“: farþega er meinað að ganga um borð þótt hann hafi gefið sig fram til þess samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr., nema réttmætar ástæður séu til þess, t.d. af heilbrigðis- eða öryggisástæðum eða ef ferðaskilríki eru ófullnægjandi,
- k) „sjálfboðaliði“: einstaklingur sem hefur gefið sig fram til að ganga um borð samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. en tekur boði flugrekanda um að afsala sér farskráningu gegn bótum,
- l) „aflýsing“: áður áætlað flug, þar sem a.m.k. eitt sæti er bókað.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) farþega sem leggja upp frá flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis sem sáttmálinn gildir um,
- b) farþega sem leggja upp frá flugvelli í þriðja landi til flugvallar á yfirráðasvæði í aðildarríki sem sáttmálinn gildir um, ef flugrekandinn, sem annast viðkomandi flug, er flugrekandi í Bandalaginu, nema þeir hafi fengið bætur eða skaðabætur og notið aðstoðar í þessu þriðja landi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda með því skilyrði að farþegi:

- a) hafi staðfesta farskráningu með því flugi sem um ræðir, nema þegar flugi er aflýst skv. 5. gr., og hafi komið til innritunar,

— eins og flugrekandi, ferðasali eða viðurkenndur umboðsmaður mælir fyrir um og á tilteknum tíma sem er tilgreindur fyrir fram skriflega (þ.m.t. með rafrænum hætti),

eða, ef enginn tími er tilgreindur,

— eigi síðar en 45 mínútum fyrir auglýstan brottfarartíma eða

- b) flugrekandi eða ferðasali hafi fært farþegann úr flugi þar sem hann átti staðfesta bókun yfir í annað flug, hver sem ástæðan var.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um farþega sem ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem stendur almenníngi ekki til boða, hvorki beint né óbeint. Hún gildir þó um farþega með farmiða sem gefnir eru út í fríðindaklúbbi eða öðru viðskiptakerfi á vegum flugrekanda eða ferðasala.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59.

4. Þessi reglugerð gildir einungis um farþega sem eru fluttir með hreyfíknúna, vængjuðu loftfari.

5. Þessi reglugerð gildir um alla starfandi flugrekendur sem flytja farþega sem falla undir 1. og 2. mgr. Þegar flugrekandi, sem hefur ekki gert samning við farþega, uppfyllir skuldbindingarnar samkvæmt þessari reglugerð skal lítið svo á að hann geri það fyrir hönd þess einstaklings sem hefur gert samning við viðkomandi farþega.

6. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á réttindi farþega samkvæmt tilskipun 90/314/EEB. Þessi reglugerð gildir ekki þegar pakkaferð er felld niður af öðrum ástæðum en þeim að flugi er aflýst.

4. gr.

Farþega neitað um far

1. Þegar starfandi flugrekandi sér fram á að þurfa að neita farþega um far sem hann á rétt á skal flugrekandinn fyrst auglýsa eftir sjálfboðaliðum sem vilja afsala sér farskráningu gegn bótum samkvæmt skilyrðum sem viðkomandi farþegi og flugrekandinn koma sér saman um. Sjálfboðaliðar skulu fá aðstoð, í samræmi við 8. gr., og skal sú aðstoð koma til viðbótar bótunum sem nefndar eru í þessari málsgrein.

2. Ef sjálfboðaliðar eru ekki nógu margir til að þeir farþegar sem eru með farskráningu fái far sem starfandi flugrekanda heimilt að neita farþega um far.

3. Ef farþega er neitað um far skal flugrekandinn greiða honum skaðabætur þegar í stað í samræmi við 7. gr. og aðstoða hann í samræmi við 8. og 9. gr.

5. gr.

Flugi aflýst

1. Ef flugi er aflýst:

- a) skal viðkomandi farþegum boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr. og
- b) skal viðkomandi farþegum boðin aðstoð, af hálfu flugrekanda, í samræmi við a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., og einnig, ef flugleið er breytt og með réttu má búast við að áætlaður brottfarartími nýja flugsins sé a.m.k. einum degi eftir áætlaða brottför flugsins sem var aflýst, aðstoð sem er tilgreind í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. og
- c) skulu viðkomandi farþegar eiga rétt á skaðabótum frá flugrekandanum í samræmi við 7. gr., nema:
 - i) þeim sé tilkynnt um að viðkomandi flugi sé aflýst a.m.k. tveimur vikum fyrir áætlaða brottför eða

- ii) þeim sé tilkynnt tveimur vikum til sjö dögum fyrir áætlaða brottför að fluginu sé aflýst og boðið að breyta flugleið sinni sem gerir þeim kleift að leggja af stað innan tveggja klukkutíma fyrir áætlaðan brottfarartíma og komast á lokaákvörðunarstað innan fjögurra klukkustunda eftir áætlaðan komutíma eða

- iii) þeim sé tilkynnt a.m.k. sjö dögum fyrir áætlaða brottför að fluginu sé aflýst og boðið að breyta flugleið sinni, sem gerir þeim kleift að leggja af stað innan klukkustundar fyrir áætlaðan brottfarartíma og komast á lokaákvörðunarstað innan tveggja klukkustunda eftir áætlaðan komutíma.

2. Þegar farþegum er tilkynnt um að flugi sé aflýst skulu þeir upplýstir um aðra flutningsmöguleika.

3. Flugrekanda ber ekki skylda til að greiða skaðabætur í samræmi við 7. gr. ef hann getur fært sönnur á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir.

4. Sönnunarbyrðin um hvort og hvenær farþegum hafi verið tilkynnt um að flugi sé aflýst hvílir á flugrekandanum.

6. gr.

Seinkun

1. Þegar flugrekandi hefur ástæðu til að ætla að flugi seinki fram yfir áætlaðan brottfarartíma:

- a) um tvær klukkustundir eða meira í 1 500 kílómetra flugi eða styttra eða
- b) um þrjár klukkustundir eða meira í flugi innan Bandalagsins sem er lengra en 1 500 kílómetrar og í öllu öðru flugi á bilinu 1 500 og 3 500 kílómetrar eða
- c) um fjórar klukkustundir eða meira í flugi sem fellur ekki undir a- eða b-lið,

skal flugrekandinn bjóða farþegum:

- i) aðstoð sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. og
- ii) þegar ástæða er til að ætla að brottförin verði a.m.k. degi síðar en áður var tilkynnt, aðstoðina sem tilgreind er í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. og
- iii) þegar seinkunin er a.m.k. fimm klukkustundir, aðstoðina sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 9. gr.

2. Hvað sem öðru líður skal veita aðstoðina innan þeirra tímamarka sem eru sett hér að framan og miðast við lengd viðkomandi flugs.

7. gr.

Réttur til skaðabóta

1. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu farþegar fá greiddar skaðabætur sem nema:

- 250 evrum fyrir öll flug sem eru 1 500 kílómetrar eða styttri,
- 400 evrum fyrir öll flug innan Bandalagsins sem eru lengri en 1 500 kílómetrar og fyrir öll önnur flug á bilinu milli 1 500 og 3 500 kílómetrar,
- 600 evrum fyrir öll flug sem falla ekki undir a- eða b-lið.

Þegar fjarlægðin er ákvörðuð er miðað við síðasta ákvörðunarstaðinn þar sem farþeganum er neitað um far eða fluginu var aflýst sem seinkar komu hans miðað við áður áætlaðan komutíma.

2. Þegar farþega er boðið að breyta flugleið sinni til að komast til lokaákvörðunarstaðar með öðru flugi, skv. 8. gr., og munur á komutíma þar og áætlaðs komutíma þess flugs sem var bókað upphaflega

- nemur innan við tveimur klukkustundum í 1 500 kílómetra flugi eða styttra eða
- nemur innan við þremur klukkustundum í öllum flugum innan Bandalagsins sem eru lengri en 1 500 kílómetrar og að því er varðar önnur flug á bilinu 1 500 og 3 500 kílómetrar eða
- nemur innan við fjórum klukkustundum í öllum flugum sem falla ekki undir a- eða b-lið,

er flugrekandanum heimilt að lækka skaðabæturnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., um 50%.

3. Skaðabæturnar, sem um getur í 1. mgr., skulu greiddar í reiðufé, með rafrænni yfirfærslu, í giró eða með bankaávísun eða, ef farþeginn gefur til þess skriflegt samþykki, í ferðaávísun og/eða með annarri þjónustu.

4. Fjarlægðirnar, sem eru tilgreindar í 1. og 2. mgr., skulu mældar með stórbaugsaðferðinni.

8. gr.

Réttur til að fá endurgreitt eða að breyta flugleið

1. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu farþegar eiga eftirfarandi kosta vól:

- að fá innan sjö daga endurgreitt að fullu, eftir þeim leiðum sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr., upprunalegt verð farmiðans fyrir þann hluta ferðarinnar sem ekki var farnir og fyrir einn eða fleiri hluta ferðarinnar sem farnir hafa verið ef flugið þjónar engum tilgangi lengur með hliðsjón af upprunalegri ferðaáætlun farþegans og, ef við á,

— flug til baka til fyrsta brottfararstaðar eins fljótt og auðið er,

- að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum, til lokaákvörðunarstaðar eins fljótt og auðið er eða

- að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum, og komast til lokaákvörðunarstaðar síðar meir, við fyrstu hentugleika fyrir farþegann, með fyrirvara um sætaframboð.

2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gildir einnig um farþega þar sem flugið er hluti af pakkaferð, nema að því er varðar rétt til endurgreiðslu ef slíkur réttur skapast samkvæmt tilskipun 90/314/EBE.

3. Ef margir flugvellir þjóna einum og sama bæ, borg eða héraði og flugrekandi býður farþega flugfar til annars flugvallar en þess sem farþeginn var skráður til skal flugfélagið greiða ferðakostnaðinn milli flugvallanna tveggja eða til annars nálægs ákvörðunarstaðar, fallist farþeginn á það.

9. gr.

Réttur til þjónustu

1. Þegar vísað er til þessarar greinar skal farþegum boðið eftirfarandi endurgjaldslaut:

- máltíðir og hressing í samræmi við lengd tafarinnar,

- hótelgisting,

— ef farþegi neyðist til að bíða eina eða fleiri nætur eftir fari,

eða

— ef farþegi neyðist til að bíða lengur en hann gerði ráð fyrir,

- flutning á milli flugvallar og gistaðstöðu (hótel eða annað).

2. Þar að auki skal farþegum boðið að hringja tvö símtöl eða senda skilaboð um fjarrita eða bréfsíma eða með tölvupósti þeim að kostnaðarlausu.

3. Við beitingu þessarar greinar skal flugrekandinn huga sérstaklega að þörfum hreyfihamlaðra og fylgdarmanna þeirra og einnig að þörfum fylgdarlausra barna.

10. gr.

Uppfærsla og niðurfærsla á farrými

1. Ef flugrekandi setur farþega á hærra farrými en keyptur farmiði veitir rétt til er honum óheimilt að krefjast viðbótargreiðslu.

2. Ef flugrekandi setur farþega á lægra farrými en keyptur farmiði veitir rétt til skal hann innan sjö daga, samkvæmt aðferðum sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr., endurgreiða

- 30% af verði farmiðans að því er varðar öll flug sem eru 1 500 kílómetrar eða styttri eða

b) 50% af verði farmiðans fyrir öll flug innan Bandalagsins sem eru lengri en 1 500 kílómetrar, nema flug á milli evrópsks yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og frönsku umdæmanna handan hafsins, sem og öll önnur flug á bilinu 1 500 og 3 500 kílómetrar eða

c) 75% af verði flugmiða í öllum flugferðum sem falla ekki undir a- og b-lið, þ.m.t. flug á milli evrópsks yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og frönsku umdæmanna handan hafsins.

11. gr.

Hreyfihamlaðir eða einstaklingar með sérþarfir

1. Flugrekandi skal veita hreyfihömluðum og fylgdarmönnum þeirra eða viðurkenndum leiðsöguhundum, sem fylgja þeim, forgang svo og fylgdarlausum börnum.

2. Þegar hreyfihömluðum og fylgdarmönnum þeirra svo og fylgdarlausum börnum er neitað um far, þegar flugi er aflýst eða seinkun verður eiga þau rétt á þjónustu í samræmi við 9. gr. eins fljótt og auðið er.

12. gr.

Frekari skaðabætur

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um rétt farþega til frekari skaðabóta. Heimilt er að draga skaðabætur, sem eru greiddar samkvæmt þessari reglugerð, frá slíkum skaðabótum.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um farþega sem hafa sjálfviljugir afsalað sér farskráningu skv. 1. mgr. 4. gr., sbr. þó viðeigandi meginreglur og reglur í landslögum.

13. gr.

Kröfuréttur

Þegar starfandi flugrekandi greiðir skaðabætur eða uppfyllir aðrar skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð skal ekkert ákvæði þessarar reglugerðar túlkað þannig að það takmarki rétt hans til að krefjast skaðabóta frá hvaða einstaklingi sem er, þ.m.t. þriðju aðilum, í samræmi við gildandi lög. Einkum og sér í lagi takmarkar þessi reglugerð ekki á neinn hátt rétt flugrekandans til að krefjast endurgreiðslu frá ferðasala eða öðrum sem flugrekandinn hefur gert samning við. Að sama skapi er óheimilt að túlka eitthvert ákvæði þessarar reglugerðar þannig að það takmarki rétt ferðasala eða þriðja aðila, þó ekki farþega, sem flugrekandi hefur gert samning við til að krefjast endurgreiðslu eða skaðabóta frá flugrekanda í samræmi við gildandi lög.

14. gr.

Kvöð um að upplýsa farþega um rétt sinn

1. Starfandi flugrekandi skal tryggja að við innritunarborðið sé sett upp auðlæsileg tilkynning sem blasir við neytendum með eftirfarandi texta: „Ef þér er neitað um far, flugi þínu aflýst eða því seinkað um a.m.k. tveir klukkustundir skaltu, við innritunarborðið eða brottfararhlíðið, biðja um skriflegar upplýsingar um rétt þinn, einkum að því er varðar skaðabætur og aðstoð.“

2. Flugrekandi sem neitar farþega um far eða aflýsir flugi hans skal afhenda hverjum farþega, sem verður fyrir þessum óþægindum, skriflegar reglur um skaðabætur og aðstoð í samræmi við þessa reglugerð. Hann skal einnig afhenda hverjum farþega, sem lendir í a.m.k. tveggja klukkustunda seinkun, sams konar tilkynningu. Einnig skal afhenda farþegum nákvæmar, skriflegar upplýsingar um hvernig hafa megi samband við tilnefndan, innlendan aðila sem um getur í 16. gr.

3. Ákvæðum þessarar greinar er beitt á annan og viðeigandi hátt að því er varðar blinda og sjónskerta.

15. gr.

Engar takmarkanir eða undanþágur frá skyldum

1. Ekki er unnt að takmarka eða fella niður skyldur flugrekanda við farþega samkvæmt þessari reglugerð, t.d. með undanþágu eða takmarkandi ákvæði í flutningssamningi.

2. Ef slíki undanþágu eða takmarkandi ákvæði er engu að síður beitt gagnvart farþega eða ef farþega hefur ekki verið tilkynnt á réttan hátt um rétt sinn og hefur, af þeirri ástæðu, þegið lægri skaðabætur en þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð getur farþeginn höfðað mál fyrir þar til bærum dómstólum eða stofnunum til að sækja viðbótarskaðabætur.

16. gr.

Brot

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar að því er varðar flug frá flugvöllum á yfirráðasvæði hans og flug frá þriðja landi til þeirra. Sá aðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að réttur farþeganna sé virtur, eftir því sem við á. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða aðili hefur verið tilnefndur samkvæmt þessari málsgrein.

2. Með fyrirvara um ákvæði 12. gr. er hverjum farþega heimilt að bera fram kvörtun við alla þá sem eru tilgreindir skv. 1. mgr. eða við annan bæran aðila, sem aðildarríki hefur tilnefnt, vegna meints brots á þessari reglugerð á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis eða varðandi flug frá þriðja landi til flugvallar á því yfirráðasvæði.

3. Viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

17. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar og árangur af henni, sem varðar einkum:

— tilvik þegar farþegum er neitað um far og flugi er aflyst,

— útvíkkun á gildissviði þessarar reglugerðar þannig að hún taki til farþega sem hafa gert samning við flugrekanda í Bandalaginu eða hafa farskráningu í flug sem er

hluti af pakkaferð, sem tilskipun 90/314/EBE gildir um, og til þeirra sem leggja upp frá flugvelli í þriðja landi til flugvallar í aðildarríki með flugi sem ekki er starfrækt af flugrekanda í Bandalaginu,

— mögulega endurskoðun á fjárhæð skaðabóta sem um getur í 1. mgr. 7. gr.

Skýrslunni skulu fylgja tillögur um lagabreytingar, ef nauðsyn krefur.

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 295/91 falli úr gildi.

19. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 17. febrúar 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. febrúar 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

GJALDSKRÁ

fyrir Stykkishólshöfn.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólshöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 8,10 á mælieiningu skv. 2. gr. Þó ekki oftast er tvisvar í mánuði af innlendum fiskiskipum.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 3,90 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.815 á mánuði. Bátar minni en 20 bt greiði þó aldrei lægra en kr. 3.805 á mánuði. Geymsla annarra báta en áður eru taldir kr. 1.650 pr. mán.

Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggju er innheimt á ársgrundvelli, fyrirfram.

a) Legugjald kr. 61.575 ársgjald.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf t vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær

sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 174 fyrir hvert tonn: Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 334 fyrir hvert tonn: Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 360 fyrir hvert tonn:
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
4. fl.: Gjald 1,60%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnar svæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnar sjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.300 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 120.

Sorpeyðing.

12. gr.

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

- 0-20 brl. kr. 880 pr. mánuð.
- 21-50 brl. kr. 1.650 pr. mánuð.
- 51-100 brl. kr. 2.520 pr. mánuð.
- 101-200 brl. kr. 3.300 pr. mánuð.
- 201 brl. og yfir kr. 5.500 pr. mánuð.
- Ferjur kr. 5.500 pr. mánuð.

Vatnssala.

13. gr.

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölu skipa og báta eða innheimt skv. mæli og er eftirfarandi:

Samkvæmt mæli kr. 150 pr. tonn.
0-20 brl. kr. 1.100 pr. mánuð.
21-50 brl. kr. 2.750 pr. mánuð.
51-100 brl. kr. 5.500 pr. mánuð.
101-200 brl. kr. 11.000 pr. mánuð.
201 brl. og yfir kr. 20.000 pr. mánuð.
Afgreiðslugjald að degi kr. 2.910.
Afgreiðslugjald að nóttu kr. 5.150.

Vigtargjald.

14. gr.

Almenn vigtun kr. 190 fyrir hvert byrjað tonn. Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun kr. 345. Yfirvinna vigtarmanns kr. 2.280 pr./klst. Yfirvinnugjald vegna vigtunar greiðist þegar vightað er eftir kl. 19.00 mánudaga til föstudaga og á alla vigtun um helgar.

Hafnsögu- og festargjöld.

15. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi:

- a) Hafnsögugjald kr. 3,96 á mælieiningu.
- b) Hafnsögugjald, fastagjald kr. 3.000.
- c) Hafnsögubátur kr. 20.000.
- d) Festargjald við komu kr. 5.000.
- e) Festargjald við brottför kr. 5.000.

Raforkusala.

16. gr.

Raforkusala er innheimt skv. mæli 8,68 kr./kw.stund.

Kranagjald.

17. gr.

Kranagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

- a) Kranagjald 1 500 kr. á tonn eða hvert byrjað tonn.
- b) Kranagjald 2 4.800 kr. grásleppubátar pr. mánuð.

Hafnarverndargjald.

18. gr.

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:

Fastagjald kr. 20.000.

Öryggisgæsla:

- a) Dagvinna pr. klst. kr. 2.280.
- b) Næturvinnu pr. klst. kr. 4.560.

Farþegagjald.

19. gr.

Heimilt er einstökum höfnum að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórn ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Farþegagjald skemmtibáta skal vera kr. 50 fyrir fullorðinn og kr. 25 fyrir börn 12-16 ára.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Þjónustugjöld í greinum 12 og 13 eru tekin að fullu ef þjónustudagar eru 10 eða fleiri í mánuði, undir 10 dögum hálf mánaðargjald. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24,5% vsk. að undanskilinni 19. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Stykkishólshafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskrírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólshöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 13. apríl 2005 og bæjarstjórn þann 12. maí 2005 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. júlí 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Stykkishólshöfn frá 1. ágúst 2004.

Stykkishólmi, 17. maí 2005.

F.h. Óla Jóns Gunnarssonar bæjarstjóra,
e.u. Þór Örn Jónasson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkratryggðum vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eða gildandi samningum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert á hverjum tíma, sbr. 37. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. a laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við almennar tannlækningar hjá þeim sem ekki eru sjúkratryggðir nema milliríkjasamningar kveði á um annað.

II. KAFLI

Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar samkvæmt 37. gr., sbr. 36. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

2. gr.

Greiðsluþátttaka.

Greiðslur til sjúkratryggðra samkvæmt þessum kafla skulu vera það hlutfall af gjaldskrá ráðherra sem hér segir:

1. 100%: Vegna þeirra sem eru 67 ára og eldri, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr. Sama gildir um sjómenn 60 ára og eldri sem uppfylla framangreind skilyrði og skilyrði 11. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.
2. 100%: Vegna þeirra sem fengið hafa 75% örorkumat skv. 12. eða 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr. Sama gildir um endurhæfingarlífeyrisþega, sem uppfylla framangreind skilyrði.
3. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 5. gr.
5. 50%: Vegna öryrkja og þeirra sem eru 67 ára og eldri sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 5. gr.

3. gr.

Ábyrgðartannlæknir.

Sjúkratryggð börn, yngri en 18 ára, skulu hafa ábyrgðartannlækni sem annast allar

almennar tannlækningar þeirra. Ábyrgðartannlæknir skal kalla þau börn inn til reglulegs eftirlits sem skráð eru hjá honum og skrá ástand tanna og munnhols.

4. gr.

Skorufyllur og tannfyllingar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við skorufyllur fullorðinsbakjaxla annarra en endajaxla. Tryggingastofnun ríkisins er auk þess heimilt að taka þátt í kostnaði við skorufyllur annarra tanna en fullorðinsbakjaxla þeirra sjúkratryggðu einstaklinga sem eru í sérstakri áhættu vegna tannátu.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við gerð fyllingar í tönn ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var sett í sama flöt tannarinnar.

5. gr.

Tanngervi og tannplantar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði þeirra sem falla undir 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr. vegna smíði gervigóma (heilgóma, plantagóma eða stálparta) á sex ára fresti hið mesta og fóðrana þeirra ef meira en þrjú ár eru liðin frá smíði eða fóðrun viðkomandi gervigóms. Þegar sérstakar ástæður krefja er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn, svo sem vegna fóðrunar blóðgóma, vegna afleiðinga sjúkdóma eða þegar gervigómar tapast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að undangenginni umsókn, að taka þátt í kostnaði þeirra sem falla undir 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr. við ísetningu tveggja tannplanta til stuðnings heilgómi í ótenntan neðri góm og allt að fjögurra tannplanta í ótenntan efri góm.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði þeirra sem falla undir 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr. vegna fastra tanngerva og tannplanta framan við tólf ára jaxla. Greiðsluþátttaka miðast við það hlutfall sem fram kemur í 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr. vegna kostnaðar allt að kr. 80.000 á hverju almanaksári, sbr. gjaldskrá ráðherra, enda hafi meðferðin farið fram á sama almanaksári. Þannig er greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem ekki fær tekjutryggingu, sbr. 5. tölul. 2. gr., allt að kr. 40.000, greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem fær tekjutryggingu, sbr. 4. tölul. 2. gr., allt að kr. 60.000 og vegna einstaklings sem er langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr., allt að kr. 80.000.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við endurgerð fastra tanngerva ef minna en 10 ár eru liðin frá því að fast tanngervi var sett á sömu tönn eða tannstæði. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

6. gr.

Tannlækningar, nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að undangenginni umsókn, að greiða að fullu, samkvæmt gjaldskrá ráðherra, kostnað við tannlækningar sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sýkinga í tönnum og tannvegi á heilsu ónæmisbældra sjúklinga, svo sem sjúklinga með hvítblæði eða krabbamein á höfuð- eða hálssvæði, væntanlegra líffæraþega, sjúklinga sem þurfa mergskipti og annarra sambærilegra sjúklinga. Tryggingastofnun ríkisins skal semja verklagsreglur um hvaða tannlækningar teljist nauðsynlegar samkvæmt grein þessari.

III. KAFLI

Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, sbr. c.-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

7. gr.

Almennt.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita sjúkratryggðum einstaklingum styrk til nauðsynlegra aðgerða hjá tannlækni vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma.

Sækja skal um styrk til Tryggingastofnunar ríkisins áður en meðferð, önnur en bráða-meðferð, hefst. Umsækjandi skal leggja fram nauðsynleg gögn sem sanna að um afleiðingar fæðingargalla, slyss eða sjúkdóms sé að ræða. Samþykkt Tryggingastofnunar ríkisins á umsókn um styrk vegna tannlækninga gildir í eitt ár nema annað komi fram í ákvörðun stofnunarinnar um bótagreiðslu.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða, annarra en tannréttinga, sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa sem falla undir reglugerð þessa, enda sé endurnýjunar þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

8. gr.

Börn með umönnunargreiðslur og andlega þroskahamlaðir.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlega almenna tannlækni meðferð þeirra barna sem falla undir 1., 2. og 3. flokk reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna. Ekki þarf að sækja sérstaklega um styrk í þessum tilvikum, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlega almenna tannlækni meðferð andlega þroskahamlaðra einstaklinga 18 ára og eldri. Áður en til fyrstu endurgreiðslu kemur þarf að sækja sérstaklega um hana en ekki í öðrum tilvikum.

9. gr.

Meðfæddir fæðingargallar og sjúkdómar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinna tilvika, enda sé um sannanlegar alvarlegar afleiðingar fæðingargalla eða sjúkdóma að ræða:

1. Meðfædd vöntun einnar eða fleiri fullorðinstanna framan við endajaxla.
2. Vansköpun fullorðinstanna framan við tólfarájaxla sem leiðir til alvarlegra útlitsgalla eða starfrænna truflana tyggingarfæra.
3. Rangstæðar tennur sem líklegar eru til að valda alvarlegum skaða.
4. Alvarleg einkenni frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum.
5. Alvarleg sýrueyðing glerungs og tannbeins fullorðinstanna framan við tólfarájaxla.
6. Alvarlegt niðurbrot á stoðvefjum tanna einstaklinga 30 ára og yngri.
7. Alvarlegar tannskemmdir sem leiða af varanlega mikið skertri munnvatnsframleiðslu af völdum geislameðferðar, Sjögrenssjúkdóms eða lyfja. Próf á munnvatnsflæði er skilyrði fyrir samþykkt umsóknar.
8. Önnur sambærileg alvarleg tilvik.

10. gr.

Tannréttingar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 95% kostnaðar, samkvæmt gjaldskrá ráðherra fyrir tannréttingar, við nauðsynlegar tannréttingar vegna eftirtalinna tilvika:

1. Skarð í vör eða gómi sem valdið getur alvarlegri tannskekkju.
2. Meðfædd vöntun fjögurra eða fleiri fullorðinstanna, framan við endajaxla, sem ekki verður bætt án tannréttingar.
3. Önnur sambærilega alvarleg tilvik, svo sem alvarlegt misræmi í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka.

11. gr.

Styrkur vegna tannréttinga.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna vegna annarra tilvika en um getur í 10. gr., samkvæmt eftirfarandi, enda hafi meðferð hafist fyrir 21 árs aldur viðkomandi:

1. Endurgreiðsla vegna tannréttinga skal hefjast að lokinni ísetningu fastra tækja. Með upphafi meðferðar er átt við þann dag þegar föst tæki voru sett í fyrri góm. Með orðunum föst tæki er átt við réttigaboga sem festur er á tyllur eða bönd sem sett hafa verið á a.m.k. 10 fullorðinstennur annars göms.
2. Meðferð telst lokið þegar föst tæki hafa verið fjarlægð af tönnum samkvæmt staðfestingu tannréttigalæknis umsækjanda.
3. Veittur er styrkur að upphæð allt að kr. 150.000 vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í a.m.k. annan góm. Styrkur greiðist á eftirfarandi hátt, enda sé framvísað reikningum tannréttigalæknis vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en neðangreindar fjárhæðir, miðað við gjaldskrá ráðherra fyrir tannréttingar:
 - a. Að hámarki kr. 50.000 þegar meðferð er hafin skv. 1. tölul.
 - b. Að hámarki kr. 50.000 a.m.k. 12 mánuðum eftir greiðslu 1. hluta styrks eða að meðferð lokinni, samkvæmt 2. tölul., taki hún skemmri tíma en 12 mánuði.
 - c. Að hámarki kr. 50.000 a.m.k. 12 mánuðum eftir greiðslu 2. hluta styrks eða að meðferð lokinni, skv. 2. tölul., taki hún skemmri tíma en 24 mánuði.

Ekki er veittur styrkur vegna endurtekinnar meðferðar sem áður hefur verið styrkt af Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt þessu ákvæði eða eldri reglum um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við tannréttingar. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

12. gr.

Alvarlegir slysaatburðir.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna sannanlegra alvarlegra afleiðinga slysaatburða þegar bætur þriðja aðila, þar með talið tryggingafélaga, fást sannanlega ekki greiddar og slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar bæta ekki kostnað enda verði slys ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda. Tryggingastofnun ríkisins er aðeins heimilt að taka þátt í kostnaði vegna tannskaða af völdum slysa sem tilkynnt hafa verið til stofnunarinnar innan 10 ára frá því að slys átti sér stað.

Áverkavottorð, gert af þeim tannlækni sem sinni umsækjanda fyrst eftir slys, skal fylgja umsókn um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna slysaatburða.

13. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. mgr. 33., lokamálsgrein 36., 37. og 66. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 815/2002 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. júní 2005.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, nr. 594/2004.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2004 frá 5. mars 2004 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, sem vísað er til í 56n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2004 frá 9. júlí 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2004, sbr. 1. gr., hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 65, dags. 23. desember 2004 (bls. 28). Reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar nr. 415/2004 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og verður hluti af henni.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 415/2004**

frá 5. mars 2004

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum ⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 er COSS-nefndinni komið á fót.
- 2) Hlutverk COSS-nefndarinnar er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt löggjöf Bandalagsins um öryggi á höfunum, afstýra mengun frá skipum og vernda aðbúnað og vinnuskilyrði um borð.
- 3) Í allri nýrri löggjöf Bandalagsins, sem er samþykkt á sviði öryggis á höfunum, skal skirskotað til COSS-nefndarinnar.
- 4) Í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins ⁽²⁾ er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Í stað þessarar nefndar kemur COSS-nefndin samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2099/2002.
- 5) Í 28. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE ⁽³⁾ er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndar.
- 6) Í 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip ⁽⁴⁾ er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.

- 7) Í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa ⁽⁵⁾ er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.
- 8) Breyta skal 2. mgr. 2. gr. skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 með það fyrir augum að fella inn í hana tilvísun í gerðir Bandalagsins, sem hafa öðlast gildi eftir samþykkt þeirrar reglugerðar, þar sem nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) er veitt framkvæmdavald.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um öryggi á höfunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002:

„p) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins ^(*),

q) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE ^(**),

r) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip ^(***),

s) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa ^(****).

(*) Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.

(**) Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.

(****) Stjtið. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.

(****) Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.**

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.⁽³⁾ Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2004 frá 23. apríl 2004, sem birt var í EES-viðbæti 26. ágúst 2004, skulu reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1873/2003 frá 24. október 2003, nr. 2011/2003, frá 14. nóvember 2003 og nr. 2145/2003 frá 8. desember 2003, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2004 og 146/2004 frá 29. október 2004, sem birt var í EES-viðbæti 21. apríl 2005, skulu reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 324/2004 frá 25. febrúar 2004, nr. 546/2004 frá 24. mars 2004 og nr. 1101/2004 frá 10. júní 2004, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Reglugerðir Evrópusambandsins eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

2. gr.

Með innleiðingu á reglugerðum Evrópusambandsins nr. 1873/2003, nr. 2011/2003, nr. 2145/2003, nr. 324/2004, nr. 546/2004 og nr. 1101/2004, breytast ákvæði reglugerðar nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk, hvað varðar hámarks-magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýrarfkinu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í c-lið, 2. mgr. 10. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, sbr. og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1873/2003**

frá 24. október 2003

um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2003 ⁽²⁾, einkum 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelids.
- 2) Ákvarða skal hámarksgildi leifa að undangenginni könnun nefndarinnar um dýralyf á öllum vídeigandi upplýsingum, sem umsækjandinn lætur í té í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) 2377/90, og með tilliti til vídeigandi, birtra vísindaupplýsinga um skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu, einkum álitgerða vísindanefndarinnar um dýraheilbrigðisráðstafanir sem tengjast lýðheilsu og matsgerða sameiginlegrar sérfræðinganeftar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildum dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina viðkomandi afurðir af dýrinu, sem fengið hefur lyfjameðferð („markvefinn“), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum („leifa-merki“). Þegar um er að ræða lyf, sem ætluð eru mjólkandi dýrum, skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrir mjólk.
- 4) Í reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er kveðið á um að ákvörðun hámarksgilda leifa skuli á engan hátt hafa áhrif á beitingu annarrar vídeigandi löggjafar Bandalagsins.
- 5) Prógesterón er prógestagenhormón. Það sætir notkunartakmörkunum og -eftirliti eins og kveðið er á um fyrir hormón í tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun beta-virkra efna ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/74/EB ⁽⁴⁾, þar sem settar eru reglur um að einungis sé heimilt að gefa húsdýrum þessi hormón í tengslum við lækningar eða dýrarækt við tilgreindar aðstæður.
- 6) Vísindanefndin um dýraheilbrigðisráðstafanir sem tengjast lýðheilsu hefur ítrekað staðfest að heilsu neytenda stafi hugsanlega hættu af notkun hormóna sem vaxtarhvata í kjötframleiðslu vegna sérstakra líflyfjafræðilegra og eiturefnafræðilegra eiginleika þeirra og samkvæmt faraldursfræðilegum niðurstöðum. Sem stendur liggja ekki fyrir næg gögn um prógesterón til að unnt sé að meta á meginlegan hátt áhættuna af váhrifum frá leifum þess í kjöti og kjötafurðum af dýrum sem hafa fengið efnið. Ekki er hægt að skilgreina viðmiðunargildi fyrir prógesterón í þessum efnum.
- 7) Í upphaflegum og síðari matsgerðum sínum taldi nefndin um dýralyf að ekki væri nauðsynlegt að ákvarða leyfilegt hámarksgildi prógesterónleifa til að vernda lýðheilsu þegar það er notað í dýralyf sem leyfð hafa verið í samræmi við löggjöf Bandalagsins. Nefndin hefur því lagt til að efninu verði bætt við í skrána í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90. Samkvæmt 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2377/90 mega aðildarríkin ekki banna eða hindra markaðssetningu fódurs, sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum, af þeirri ástæðu að það innihaldi dýralyfjaleifar ef viðkomandi efni eru skráð í II. viðauka.
- 8) Prógesterón myndast einnig í líkama dýra á náttúrulegan hátt. Magn innrænnar seytingar prógesteróns hjá dýrum er breytilegt, einkum eftir kynferði, aldri, dýrakyni og æxlunarhring. Til eru fullgiltar aðferðir til að greina prógesterón í dýravef. Þó er ekki unnt að nota þessar aðferðir til að greina milli hormóna, sem eru til staðar af náttúrulegum orsökum, og prógesterónleifa við eftirlit með því að notkunartakmarkanir samkvæmt tilskipun 96/22/EB séu virtar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 214, 26.8.2003, bls. 3.⁽³⁾ Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 262, 14.10.2003, bls. 17.

9) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins EB nr. 178/2002 ⁽⁵⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1642/2003 ⁽⁶⁾, skal í áhættustjórnun hafa hlidsjón af niðurstöðum áhættumats og annarra þátta sem málið varða, s.s. greiningar- aðferðum og möguleika á eftirliti, til að komast hjá áhættu vegna rangnotkunar slíkra efna.

10) Framkvæmdastjórnin álitur að nauðsynlegt sé að gera verndarráðstafanir gegn hugsanlegri rangnotkun dýralyfja sem innihalda prógesterón. Takmörkun á notkun prógesteróns á þann veg að aðeins megi gefa það í leggöng kvendýra nautgripa, sauðfjár, geita og dýra af hestaætt er sú viðbótarverndarráðstöfun sem gera þarf til að komast hjá rangnotkun þar eð þetta tiltekna lyfjaform veldur því að ekki er með góðu móti hægt að nota viðkomandi dýralyf á nokkurn þann hátt sem er bannaður. Það telst því rétt að bæta prógesteróni við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 í

samræmi við viðaukann við þessa tillögu að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem takmarkar notkun prógesteróns við þessa tilteknu notkun og samsetningu lyfs.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

⁽⁵⁾ Sjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽⁶⁾ Sjtið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 4.

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

2. Lífræn efni

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir
„Prógesterón (*)	Nautgripir, sauðfé, geitur, dýr af hestaætt (kvendýr)
(*) Eingöngu til notkunar í leggöng í tengslum við lækningar eða dýrarækt og í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/22/EB.“	

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2011/2003**

frá 14. nóvember 2003

um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1873/2003 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðavíðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða lyf fyrir varpflugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber alfasýpermetrinni og metamisóli við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Svo að unnt sé að ljúka vísindarannsóknum ber að bæta foxími við í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 8) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ⁽³⁾.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.
⁽²⁾ Stjóð. EB L 275, 25.10.2003, bls. 9.

⁽³⁾ Stjóð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

2. Sniklalýf.
- 2.2. Útsniklalýf.
- 2.2.3. Þyretróð.

Lyfjafræðilega virk efni	Leiðamerki	Dýrategundir	Hámarksgjöldi leifa	Markvefir
„Alfásýrmetrín	Sýrmetrín (summa myndbrigða)	Nautgripir, sauðfé	20 µg/kg 200 µg/kg 20 µg/kg 20 µg/kg 20 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk (¹)

(¹) Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar framkvæmdasjómánnar 98/82/EB (Sjítö, EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).“

4. Bólgeyðandi lyf
- 4.1. Bólgeyðandi lyf, önnur en starar
- 4.1.5. Þýrasólmafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leiðamerki	Dýrategundir	Hámarksgjöldi leifa	Markvefir
„Metamisól	4-metýlamínóantípýrín	Nautgripir	100 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 50 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk Vöðvi Húð og fita Lifur Nýru Vöðvi Fita Lifur Nýra“
		Svin		
		Dýr af hestaætt		

(¹) Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar framkvæmdasjómánnar 98/82/EB (Sjítö, EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).“

B. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

2. Sniklalýf.

2.2. Útsnikalaf.

2.2.4. Lífræn fosföt

Lýfiþraðilega virk efni	Lefamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Foxím	Foxím	Kjúklingar	50 µg/kg 550 µg/kg 25 µg/kg 50 µg/kg 60 µg/kg	Vöðvi Húð og fíra Lifur Nýru Egg

(¹) Bráðabirgðgildi fyrir lýffilegt hámarksmeðg leifa falla úr gildi 1. júlí, 2005. *

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2145/2003**

frá 8. desember 2003

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2011/2003 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða

nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða lyf fyrir varpugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber sefkinómi og imídókarbi við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ⁽³⁾.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlýf.
- 1.2. Sýklalyf.
- 1.2.2. Sefalósporín.

Lyfjafraeðlega virk efni „Sefkinóm	Leifamerki	Dyrategundir Dýr af hestaætt	Hámarksældi leifa	Markvefir
	Sefkinóm		50 µg/kg 50 µg/kg 100 µg/kg 200 µg/kg	Vöðvi Fita Liður Nýru

2. Sniklalyf.
- 2.4. Frumdýralyf.
- 2.4.3. Karbanilíð.

Lyfjafraeðlega virk efni „Imídókarb	Leifamerki	Dyrategundir Sauðfé (¹)	Hámarksældi leifa	Markvefir
	Imídókarb		300 µg/kg 50 µg/kg 2 000 µg/kg 1 500 µg/kg	Vöðvi Fita Liður Nýru

(¹) Ekki ætlað áin sem gefa af sér mjólk til manneldis“

Fylgiskjal 4.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 324/2004**

frá 25. febrúar 2004

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2145/2003 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manndís.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggið Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifra eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpflugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber kanamýsini og díklófenaki við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðs- leyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ⁽³⁾.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 322, 9.12.2003, bls. 5.⁽³⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VÍÐAUKI

Eftirfarandi efnum er bætt við í l. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

- 1. Sýkingarlýf.
- 1.2. Sýklalyf.
- 1.2.10. Aminóglýkósíð.

Lýfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Væðvi	Markvefir
„Kanamýsin	Kanamýsin A	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis nema fiskur (¹)	100 µg/kg	Væðvi	
			100 µg/kg	Fita (²)	
			600 µg/kg	Lifur	
			2 500 µg/kg	Nýru	
			150 µg/kg	Mjólk	

(¹) Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneidis.

(²) Þegar um er að ræða svin og alifugla varðar þetta hámarksgildi leifa „húð og fitu i eðlilegum hlutföllum.“

- 4. Bólgeyðandi lyf.
- 4.1. Bólgeyðandi lyf, önnur en sterar.
- 4.1.6. Fenyílediksyruafléiður.

Lýfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Væðvi	Markvefir
„Diklófenak	Diklófenak	Nautgripir (¹)	5 µg/kg	Væðvi	
			1 µg/kg	Fita	
			5 µg/kg	Lifur	
			10 µg/kg	Nýru	
		Svin	5 µg/kg	Væðvi	
			1 µg/kg	Húð og fita	
			5 µg/kg	Lifur	
			10 µg/kg	Nýru	

(¹) Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneidis.“

Fylgiskjal 5.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 546/2004**

frá 24. mars 2004

um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2004 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber nafsillini við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Bæta ber oxalsýru við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 8) Svo að unnt sé að ljúka vísindarannsóknum ber að bæta oxólínsýru við í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 9) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ⁽³⁾.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 16.⁽³⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

1. Sýkingarlyf.
- 1.2. Sýklalyf.
- 1.2.1. Penisillín.

Lyfjafraeðlega virk efni	Leifamerki	Öll jörtundýr (*)	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Nafsilín	Nafsilín			300 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg 30 µg/kg	Vöðvi Fitu Lifur Nýru Mjólk

(*) Einnigis til nota í mjólkarkerthi."

B. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

7. Sýkingarlyf

Lyfjafraeðlega virk efni	Byflugur**	Dýrategundir
„Oxalsýra		

C. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

1. Sýkingarlyf.
- 1.2. Sýklalyf.
- 1.2.6. Kinólón.

Lyfjafraeðlega virk efni	Leifamerki	Nautgripir (*)	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Target tissues
„Oxalsýra (*)	Oxólsýra			100 µg/kg 50 µg/kg 150 µg/kg	Vöðvi Fitu Lifur Nýru

(*) Bráðabirgðagildi fyrir hámarksgildi leifa fella úr gildi 1. janúar 2006.

(*) Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til mannaeldis."

Fylgiskjal 6.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1101/2004**

frá 10. júní 2004

breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2004 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrir en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skadleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggeðf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðavíðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpflugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber túlatrómysini við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Bæta ber diklasúrili við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 8) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleifum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EB ⁽⁴⁾.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.
⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58.

9. júní 2005

1267

Nr. 578

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

—

VÍÐAUKI

A. Eftirfarandi efnum er bætt við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

- I. Sýkingarlyf.
- I.2. Sýklalyf.
- I.2.4. Makrólíð.

Lyfjafraeðlega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markveifr
„Túlarónýsín	(2R,3S,4R,5R,8R,10R,11R,12S,13S,14R)-2-etyl-3,4,10,13-tetrahydroxy-3,5,8,10,12,14-hexametyl-1-[[3,4,6-trideoxy-3-(dimetylaminó)-β-D-xylohexóþý-ranósýllíoxý]-1-oxa-6-assýklópent-dekan-15-on, gefið upp sem ígildi túlarónýsíns.	Nautgripir (¹)	100 µg/kg	Fita
		Svín	3 000 µg/kg 3 000 µg/kg 100 µg/kg 3 000 µg/kg 3 000 µg/kg	Lifur Nýru Húð og fita Lifur Nýru

(¹) Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manndis.“

B. Eftirfarandi efnum er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

- 2. Lifræn efnasambönd

Lyfjafraeðlega virk efni	Dýrategundir
„Diklasúríl	Öll jörturdýr (¹) Svín (¹)

(¹) Einungis til minku.
(¹) Einungis til minku.“

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2005 um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands til að taka upp JAR-OPS 1, Amendment 8, útg. 1. janúar 2005.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. júní 2005 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af stofnuninni heimilt að taka upp og fylgja JAR-OPS 1, Amendment 8, útgefnum 1. janúar 2005 í því skyni að hljóta vottun sem fullgildir JAR-OPS 1 flugrekendur innan aðildarríkja Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA. Samhliða mun Flugmálastjórn Íslands veita þeim flugrekendum sem neyta þessarar heimildar, undanþágu frá þeim ákvæðum í II. hluta reglugerðar nr. 780/2001 um flutningaflug með síðari breytingum, sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði JAR-OPS 1, Amendment 8.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 3/2004 sbr. auglýsingu nr. 685/2004 í B-deild Stjórnartíðinda sem falla úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. maí 2005.

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2005 um skyldu viðurkenndra viðhaldsstöðva, viðhaldsvotta og handhafa flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands til að fara að fyrirmælum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 15. júní 2005 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af stofnuninni, viðhaldsvottum og viðurkenndum viðhaldsstöðvum skylt að fara að ákvæðum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum, ásamt skýringar efni. Fyrri reglugerðin var gefin út 24. september 2003 og er um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar og framleiðslufyrirtækja. Sú síðarnefnda var gefin út 20. nóvember 2003 og varðar viðvarandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

Flugmálastjórn Íslands mun veita viðhaldsstöðvum, viðhaldsvottum og flugrekendum undanþágu frá þeim ákvæðum auglýsinga nr. 477/1994 og 426/2002 sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði reglugerðanna.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. maí 2005

Dorgeir Pálsson flugmálastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, nr. 739/2004.

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1644/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sem vísað er til í 56o í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2004, sbr. 1. gr., hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 43, dags. 26. ágúst 2004 (bls. 8). Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1644/2003 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og verður hluti af henni.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1644/2003**

frá 22. júlí 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum endurskoðunarráttarins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræma ber tiltekin ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁵⁾ við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽⁶⁾ (hér á eftir nefnd almenna fjárhagsreglugerðin), einkum 185. gr.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁷⁾ var mælt fyrir um meginreglur og takmarkanir að því er varðar aðgang að skjölum sem kveðið er á um í 255. gr. sáttmálans.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 87.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 285, 21.11.2002, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 85, 8.4.2003, bls. 64.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 1. júlí 2003.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1; leiðrétting í Stjtið. EB L 25, 30.1.2003, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

3) Við samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 samþykktu þessar þrjár stofnanir sameiginlega yfirlýsingu þess efnis að stofnunum og öðrum slíkum aðilum bæri að setja sér reglur sem samrýmdust ákvæðum þeirrar reglugerðar.

4) Því ber að bæta viðeigandi ákvæðum inn í reglugerð (EB) nr. 1406/2002, þannig að reglugerð (EB) nr. 1049/2001 taki til Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, og einnig ákvæði um kærur vegna synjunar um as að skjölum.

5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 1406/2002 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 1406/2002:

1. Í 4. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 1. mgr.:

„1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ^(*) gildir um skjöl í vörslu Siglingaöryggisstofnunarinnar.

(*) Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.“

b) komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. Stjórnin skal ákveða hagnýtt fyrirkomulag á beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1644/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu ^(**).

(**) Stjtið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 10.“

c) bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5. Ákvarðanir, sem Siglingaöryggisstofnun tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns eða málshöfðunar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna, annars vegar skv. 195. gr. EB-sáttmálans og hins vegar skv. 230. gr.“

2. Í stað b-liðar 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„b) samþykkja ársskýrslu um starfsemi Siglingaöryggisstofnunar og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunar-réttarins og aðildarríkjanna eigi síðar en 15. júní.

Siglingaöryggisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsferlið.“

3. Í 18. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 3., 4., 5. og 6. mgr.:

„3. Framkvæmdastjórinn skal gera drög að áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi ár og leggja hana fyrir stjórnina ásamt drögum að yfirliti yfir stöðugildi.

4. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.

5. Stjórnin skal árlega gera áætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum að áætlun um tekjur og gjöld.

6. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin framsenda þessa fjárhagsáætlun, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi og drög að verkefnaáætlun, til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra ríkja sem Bandalagið hefur gert samninga við í samræmi við 17. gr.“

b) bætist eftirfarandi málsgreinar við:

„7. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd fjárveitingavaldið) fjárhagsáætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlaga-frumvarpi Evrópusambandsins.

8. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlaga-frumvarpi Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar, sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi og þann styrk sem veita skal af fjárlögum og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

9. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Siglingaöryggisstofnunarinnar.

Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir Siglingaöryggisstofnunina.

10. Stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal færa fjárhagsáætlunina til samræmis við fjárlögin.

11. Hafi stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg fjárhagsleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, svo sem leigu eða kaup bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila álitum skal hann framsenda stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.“

4. Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar stofnunarinnar.

2. Gjaldkeri Siglingaöryggisstofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðauppgjör eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðureikningsskil úr bráðabirgðauppgjöri stofnana og sjálfstæðra stofnana í samræmi við 128. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarréttinum bráðabirgðauppgjör Siglingaöryggisstofnunarinnar eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar forstjóra Siglingaöryggisstofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunar-réttarins við bráðabirgðauppgjör stofnunarinnar, skv. 129. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann ganga frá endanlegu uppgjöri stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda það til stjórnar Siglingaöryggisstofnunarinnar til umsagnar.

5. Stjórnin skal skila álitum um endanlegt uppgjör Siglingaöryggisstofnunarinnar.

6. Forstjórinn skal framsenda endanlegt uppgjör eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarrettarins ásamt álitum stjórnar Siglingaöryggisstofnunarinnar.

7. Endanlegt uppgjör skal birt.

8. Forstjórinn skal senda endurskoðunarbréfinum svar við athugasemdum hans eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal forstjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir í 3. mgr. 146. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa forstjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.“

5. Í stað 21. gr. komi eftirfarandi:

„21. gr.

Fjárhagsákvæði

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Siglingaöryggisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki vikja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (*) nema sérstök þörf sé á slíku frávikum vegna reksturs Siglingaöryggisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

(*) Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72; leiðrétting í Stjtið. EB L 2, 7.1.2003, bls. 39.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Siglufjarðarhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði Siglufjarðarhafnar.

Takmörk á sjó eru eftirfarandi:

Hafnarsvæði Siglufjarðarhafnar takmarkast af Siglunestá að austan í Djúpavog að vestan.

Takmörk á landi:

Eru í samræmi við aðalskipulag Siglufjarðar á hverjum tíma.

Helstu hafnarsvæði eru:

Óskarsbryggja og sjóvarnargarður henni tengdur, Hafnarbryggja, Togarabryggja, Ingv-arsbryggja, Smábátahöfn, Róaldsbryggja og Innrihöfn.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

Hafnarbakka og bryggjur.

Farmstöðvar og önnur afgangslusvæði.

Götur.
Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Siglufjarðarkaupstaður er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Siglufjarðar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrir mælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Ekki er hafnsöguskylda í Siglufjarðarhöfn, en höfnin veitir þessa þjónustu ef þess er óskað.

Sérhvert skip, sem ætlar til Siglufjarðarhafnar og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að ytri mörkum Siglufjarðarhafnar.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Siglufjarðarumdæmi hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnar-

innar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olfusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Norðurlands vestra. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð

samkvæmt 2. gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Siglufjarðarhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarhöfn, nr. 111/1956 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 8. júní 2005.

Sturla Böðvarsson

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Breiðdalsvíkurhöfn.

1. gr.

*Stærð og takmörk hafnarinnar.**Hafnarsvæði.*

Breiðdalsvíkurhöfn er með allri strandlengju Breiðdalsvíkur. Lega hafnarsvæðis er einnig sýnd á viðfestu korti sem er hluti af reglugerð þessari.

Takmörk á sjó eru:

Breiðdalsvíkurhöfn nær yfir alla Breiðdalsvík norðvestan línu sem hugsast dregin úr Merkikambi í Hvalnesskriðum í Strætisvita.

Takmörk á landi eru:

Frá Merkikambi að girðingu Breiðdalsvíkurlands að austan, og frá Strætisvita að girðingu Breiðdalsvíkurlands að vestan. Á þessari strandlengju ræður stórstraumsflóðborð. Innan Breiðdalsvíkurlands tilheyrir Selnesið að lóðarmörkum Selness 28 hafnarsvæðinu. Að öðru leyti ræður stórstraumsflóðborð innan Breiðdalsvíkurlands.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:
Hafnarbakka og bryggjur.
Farmstöðvar og önnur afgreiðsluvæði.
Götur.
Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Breiðdalshreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps mun fara með stjórn hafnarinnar.

Sveitarstjórn er heimilt að skipa sérstaka hafnarstjórn. Hún skal kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Sveitarstjóri er hafnarstjóri og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykka hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipa-

þjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um, innri höfnina í Breiðdalsvík.

Sérhvert skip, sem ætlar til Breiðdalsvíkurhafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til sveitarstjóra með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að mörkum Breiðdalsvíkurhafnar á sjó, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar síðastliðin 3 ár og komið næstliðið ár a.m.k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náð taldöðvar samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði í S-Múlasýslu, hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótafast.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrífnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrífnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrífnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eigu um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðbóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Breiðdalsvíkurhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnáslutlaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.


Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn, nr. 262/1986, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 8. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.



HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hornafjarðarhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Frá Melatanga í hásuður að flæðarmáli Suðurfjara, þaðan í syðsta hluta Einholtskletta, þaðan í syðsta og austasta hluta Hvanneyjar, þaðan yfir á syðsta og austasta hluta Þinganeskerja, þaðan í punkt á Austurfjörum 50 metrum austan við línu hugsaða í hánorður frá austasta hluta Þinganeskerja, þaðan í austasta hluta Mikleyjar og eftir strandlengju hennar til suðurs og í vestasta hluta hennar yfir í syðsta hluta Standeyjar, þaðan eftir Alaugarvegi í vestur, til suðurs eftir Álaleiru, eftir Krosseyjarvegi til vesturs, þaðan eftir Óslandsvegi að syðri lóðarmörkum Ásgarðs og eftir þeim til vesturs í vesturmörk þeirra og síðan að Melatanga. Lega hafnarsvæðisins er einnig sýnd á viðfestu korti sem er hluti af reglugerð þessari.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Hornafjarðar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða,

auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um Hornafjarðarhöfn.

Ekkert erlent skip má, án leyfis fara um höfnina án hafnsögumanns. Sérhvert íslenskt skip, sem ætlar til Hornafjarðarhafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu, skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Hafnsögumanni er skylt að fara til móts við skipið allt að 3 sjómílum út fyrir Hornafjarðarós, ef skipstjóri æskir þess og aðstæður leyfa að mati hafnsögumanns.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til Hornafjarðarhafnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Þá skal stjórnbúnaður skips vera fullnægjandi að mati hafnarstjóra.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náðið talstöðvar samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglustjórinn á Höfn sér um og ber ábyrgð á almennri löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmeitt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni án sérstaks leyfis. Sömulleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem hjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða innan hafnarsvæðisins.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olú, lýsi, olúusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olú til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðbóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Hornafjarðarhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eft-

irbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 65/1970, með síðari breytingum.


Samgönguráðuneytinu, 8. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.

Takmörk hafnarinnar.



AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 16. mars 2005 var samþykkt tillaga að breytingum á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu á spildu úr landi Suður Reykja, spildan er norðan við Efstu Reyki og vestan við Reykjafell og Heiðarhvam.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 13. júní 2005.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
577	3. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, nr. 594/2004	1247-1249
578	9. júní	Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk .	1249-1268
579	23. maí	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2005 um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til að taka upp JAR-OPS 1, Amendment 8, útg. 1. janúar 2005	1269
580	23. maí	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2005 um skyldu viðurkenndra viðhaldsstöðva, viðhaldsvotta og handhafa flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til að fara að fyrirmælum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum	1269-1270
581	3. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, nr. 739/2004	1270-1273
582	8. júní	Hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarhöfn	1273-1277
583	8. júní	Hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn	1277-1282
584	8. júní	Hafnarreglugerð fyrir Hornafjarðarhöfn	1283-1287
585	13. júní	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu í Mosfellsbæ	1288

